

# **ÁTTA VINDORKUVER Í 5. ÁFANGA RAMMAÁÆTLUNAR** ***Viðhorf í nærsamfélagi um samfélagsleg áhrif***

***Desember 2023***

***Höfundar***

***Hjalti Jóhannesson***

***Marta Einarsdóttir***

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2023

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-15-2023

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

**Athugun unnin fyrir umhverfis og auðlindaráðuneytið,  
faghóp 3 í 5. áfanga rammaáætlunar**

## EFNISYFIRLIT

---

1	Inngangur .....	1
2	Alviðra, Grjóthálsi, Borgarbyggð.....	3
3	Garpsdalur, Reykhólahreppi.....	6
4	Hnotasteinn, Hólaheiði, Norðurþingi .....	9
5	Hrútmúlavirkjun, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.....	12
6	Mosfellsheiðarvirkjun I, Grímsnes- og Grafningshreppi.....	15
7	Mosfellsheiðarvirkjun II, Ölfushreppi .....	18
8	Reykjanesgarður, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.....	21
9	Sólheimar, Laxárdal, Dalabyggð .....	25
10	Umræða og niðurstöður.....	28
11	Samantekt.....	30
	Heimildir .....	32
	Viðauki 1. Viðtalsrammi og kynningarbréf til viðmælenda .....	34

## MYNDIR

Mynd 1. Vindorkuverin átta og fleiri virkjanakostir (númeraðir) í 4. áfanga rammaáætlunar. ....	1
---	---

# 1 INNGANGUR

Faghópur 3 í 5. áfanga rammaáætlunar; áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, ákvað að gera athugun á viðhorfum í nærsamfélögum til álitamála sem varða samfélagsleg áhrif átta vindorkuvera sem sótt hefur verið um virkjanaleyfi fyrir og sem verkefnisstjórn rammaáætlunar ákvað að taka til nánari skoðunar haustið 2023. Athugunin var kostuð af umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytinu og var umsjón í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA). Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA og fulltrúi í faghópi 3 var verkefnisstjóri og tók saman þessa skýrslu ásamt Mörtu Einarsdóttur, sérfræðingi hjá RHA.

Tafla 1. Vindorkuverin sem athugunin tók til:

Vindorkukostur	Sveitarfélag	Aðili	MW ca.
Alviðra, Grjóthálsi	Borgarbyggð	Hafþórsstaðir ehf.	80
Garpsdalur, Reykhólasveit	Reykhólahreppur	EM Orka ehf.	88
Hnotasteinn, Hólaheiði	Norðurþing	Qair	190
Hrútmúlavirkjun, Þjórsárdal	Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Gunnbjörn ehf.	85
Mosfellsheiðarvirkjun I	Grímsnes- og Grafningshreppur	Zephyr Iceland	100
Mosfellsheiðarvirkjun II	Sveitarfélagið Ölfus	Zephyr Iceland	100
Reykjanesgarður	Grindavíkur- og Reykjanesbær	HS Orka	100
Sólheimar, Laxárdal	Dalabyggð	Qair	163

Að neðan er kort sem sýnir gróflega staðsetningu þessara átta vindorkukosta.



Mynd 1. Vindorkuverin átta sem fjallað er um í skýrslunni.

Í öllum tilvikum voru tekin hópviðtöl við sveitarstjórnarfólk (fulltrúa meiri- og minnihluta) og framkvæmdastjóra sveitarfélaganna níu. Þá voru tekin viðtöl við fjölbreyttan hóp hagsmunaaðila á þessum svæðum. Alls voru haldnir 18 fundir og viðmælendur voru alls 37 talsins. Ákveðið var að hafa ummæli ekki beint eftir einstaklingum þar sem málefnið getur reynst viðkvæmt, m.a. vegna návígis fólks á fámennum svæðum. Hópviðtölin eða fundirnir fóru fram á tímabilinu 10. október til 29. nóvember 2023. Öll þessi samskipti fóru fram með fjarfundafyrirkomulagi vegna hagkvæmni og sveigjanleika. Einn til þrjár fulltrúar í faghópi 3 voru viðstaddir auk sérfræðings RHA sem sá um boðun funda og skipulagningu. Viðtöl voru oftast hljóðrituð að fengnu leyfi viðmælenda og gerði sérfræðingur RHA samantekt úr hverju viðtali sem þessi greinargerð byggist á að mestu leyti.

Sá viðtalsrammi sem notaður var á sér stoð í leiðbeiningum International Association for Impact Assessment um samfélagsmat við gerð (Vanclay o.fl., 2015). Hann var áður nýttur af faghópi 3 í 4. áfanga rammaáætlunar (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2021). Í viðauka er viðtalsramminn eins og hann var aðlagður að þessu verkefni.

Í þessari skýrslu er fjallað um hverja þessara átta virkjana í sérstökum efniskafla sem síðan er skipt í undirkafla í samræmi við þau viðföng sem faghópur 3 mótaði eftir vinsun í lok 4. áfanga rammaáætlunar en þetta eru þeir þættir sem faghópurinn telur að leggja megi til grundvallar við mat á áhrifum virkjana á nærsamfélög:

- Samheldni samfélags
- Orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku
- Ávinningur nærsamfélags (efnahagslegur)
- Innviðauppbýgging
- Tækifæri vegna verndunar svæðis
- Sýnileiki

Í sumum tilvikum var ekki komið efnislega inn á öll viðföng og þá vegna þess að viðkomandi viðfang hafði ekki mikið vægi í huga viðmælenda eða fyrir viðkomandi svæði eða þá hagsmuni sem til umfjöllunar voru. Í umræðu- og samantektarkafli er fjallað nánar um þær ályktanir sem draga má af þessum viðtölum og bornir saman þessir virkjanakostir og möguleg áhrif þeirra á samfélagið.

Saga vindorkunýtingar á landinu er stutt og umfang lítið. Árið 2012 voru reistar til reynslu tvær vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu við Búrfell innan marka Skeiða- og Gnúpverjahrepps (Landsvirkjun, e.d.). Síðan voru reistar tvær vindmyllur í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra árið 2014 en þær voru keyptar notaðar og fyrirtækið sem að þessu stóð varð gjaldþrota eftir að myllurnar höfðu bilað og kviknað í annarri þeirra. Nýjar myllur voru síðan reistar á sama stað árið 2023 og eru þær svipaðar að stærð og myllur Landsvirkjunar. Við uppsetningu þessara tveggja vindmylla tvöfaldaðist framleiðslugeta í vindorku á landinu (Haukur Hólm, 2023).

Þetta reynsluleysi Íslendinga af vindorku veldur því að viðmælendur í viðtalsrannsókn sem þessari hafa á takmarkaðri reynslu að byggja. Þess vegna verður að setja þann fyrirvara við niðurstöður að viðhorfin endurspeglar fremur *væntingar til áhrifa eða áhyggjur af áhrifum* í stað þess að byggjast í meira mæli á reynslu eins og í tilviki umræðunnar um vatnsaflsvirkjanir eða jarðvarmavirkjanir sem áratuga reynsla er af á Íslandi.

## 2 ALVIÐRA, GRJÓTHÁLSI, BORGARBYGGÐ

Framkvæmdasvæði virkjunar í Alviðru er á Grjóthálsi sem liggur á milli Norðurárdals og Þverárhliðar og er í landi skógræktarjarðarinnar Hafþórsstaða í Norðurárdal og sauðfjárnýlisins Sigmundastaða í Þverárhlið. Hafa skal í huga að svo virðist sem talað sé jöfnum höndum um Alviðru og Grjótháls í tengslum við þetta verkefni. Eftirfarandi eru helstu tölulegu upplýsingar um umfang þess:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (ha)	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
105,6	6,6	150-179	16	233	-

Hrútatungulína, sem er hluti af gömlu byggðlínunni á 132 kV spennu, liggur um Grjótháls og líklegt er að væntanleg Holtavörðuheidiarlína 1 sem er hluti af nýrri byggðalínu á 220 kV spennu muni liggja á svipuðum slóðum. Þetta auðveldar tengingu við orkukerfið. Vegslóði liggur þvert yfir hálsinn milli Norðurárdals og Þverárhliðar. Umhverfismat fyrir virkjunina er hafið og samþykkt Skipulagsstofnum matsáætlun fyrir um það bil helmingi minni framkvæmd með 8 vindmyllum árið 2020 (VSÓ Ráðgjöf, 2020) en síðan breyttust forsendur og er núverandi útfærsla í samræmi við tillögu sem barst verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar og er dagsett í desember 2022 (VSÓ Ráðgjöf, 2022). Næstu nærliggjandi hús eru Hafþórsstaðir og Sigmundastaðir sem eru í u.þ.b.1 km fjarlægð frá fyrirhuguðu athafnasvæði.

### 2.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Árið 2020 skapaðist andstaða á móti virkjuninni, skömmu eftir að faghópur 3 hafði tekið virkjunarkostinn til skoðunar í sambærilegri rannsókn í 4. áfanga rammaáætlunar. Fjöldi undirskrifa barst frá íbúum og sveitarstjórnin dró til baka aðalskipulagsbreytingu sem átti að fara að setja í ferli. Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu ekki áttað sig á hversu mikil andstaða væri við framkvæmdina. Þau sögðu að sjónræn áhrif séu stærsta breytan í andstöðu fólks, þessi virkjunarkostur sé „svo ofboðslega sýnilegur víða að úr Borgarfirðinum“. Þau töldu ekki að þetta væri endilega almenn afstaða íbúa, mörgum væri alveg sama en að samt sem áður væri margt fólk á móti þessu. Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að mjög stór hópur fólks með fasta búsetu á svæðinu hefði lýst andstöðu við virkjunina en þau þekktu síður skoðanir þeirra sem búa lengra í burtu.

Hagaðili sem talað var við sagði ótrúlega lítið hafa verið rætt um virkjunaráform. Hann hefði ekki orðið var við mikla andstöðu í Norðurárdalnum og taldi að fólk tæki áformum almennt ágætlega.

Verkefnið var kynnt sveitarstjórn bæði á þessu og síðasta kjörtímabili og boðað var til íbúafundar mjög snemma í ferlinu en lítið hefur borið á kynningu til íbúa síðan þá. Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að fólk hefði verið frekar jákvætt eftir fyrsta íbúafundinn. Síðan hefði það rekið sig á að þær upplýsingar sem komu fram á fundinum hefðu ekki verið réttar miðað við skýrsluna sem kom í kjölfarið og það skapaði tortryggni þegar slíkt misræmi væri á milli upplýsinga. Þarna var helst um stærð og afl virkjunarinnar að ræða, dregið hefði verið úr stærð á fyrsta fundi en svo komið í ljós í skýrslunni að um veglega virkjun væri að ræða. Eftir það hefur verið farið í heimsóknir á einhverja bæi til að kynna skýrsluna en íbúar hafa ekki verið kallaðir formlega á fund. Áformin hafa ekki verið mikið í umræðunni síðustu eitt til tvö ár en eftir því sem frá líður hefur hún þokast í neikvæðari átt.

## 2.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að allir væri meðvitaðir um að verkefnið myndi bæta afhendingu raforku og að það væri arðbært fyrir þá sem stæðu að þessu. Spurningin væri um hlutdeild samfélagsins í þeirri verðmætasköpun.

Sveitarstjórnarfulltrúar bentu líka á að það hljóti að skapast meiri möguleikar á svæðinu þegar orkan sé komin inn á netið. Orkufrekur iðnaður horfi á afhendingaröryggi en líka fjarlægðir frá tengivirkjum. Aðalskipulag sveitarfélagsins er í endurskoðun, það verður mótuð einhver stefna um nýtingu vindorku en ekki er búið að ákveða hvernig hún verður.

## 2.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Fulltrúar sveitarstjórnar töldu að miðað við núverandi lagaramma væri ekki mikill ábati af verkefninu hvað skatttekjur varðar. Þau töldu að verið væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni en sögðu að ef regluverkið breyttist væru allir tilbúnir til að hugsa málið upp á nýtt. Þau sögðu að virkjunaraðilinn hefði sýnt því skilning að samfélagið þurfi á ávinningi að halda en það þurfi ramma (lög) utan um slíkt, það sé samtal sem erfitt sé fyrir sveitarstjórnarfólk að eiga án slíks ramma. Menn séu „boðnir og búnir í samtalið“ og engu hafi verið hafnað en málið sett á bið þar til leikreglur skýrast.

Sveitarstjórnarfulltrúar bentu á að virði lands hefði aukist á síðustu 10-20 árum og eðlilegt að nærsamfélagið ætti hlut í þeirri takmörkuðu auðlind sem væri í nágrenninu. Ef meiri tekjur kæmu til sveitarfélagsins þýddi það betri þjónustu, t.d. ef hægt væri að byggja íþróttahús eða auka snjómokstur. Hins vegar vantaði lagaramma og sláandi munur sé á því hvernig skattar eru reiknaðir hér og í Noregi. Í Noregi sé skattstofninn heildarvirði framkvæmdarinnar á meðan að hér sé þetta bara neðsti hluti vindmylla. Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu ekki væntingar um að framkvæmdin skapi störf á svæðinu nema á meðan að á uppbyggingu stendur.

Hagaðili sem rætt var við taldi að vindorkuver myndi hafa jákvæð áhrif á byggðina. Þetta sé láglaunasvæði og vanti fleiri tekjumöguleika og vindorkuver myndi hafa jákvæð áhrif félagslega ef störf fylgdu þeim.

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að fólk í nærsamfélaginu, svo sem ferðaþjónustuaðilar og þeir sem tengdir eru laxveiði hafi bent á fjárhagsáhættu tengda þeirri starfsemi. Einnig séu dæmi um að vindorkuáform séu farin að hafa neikvæð áhrif á verð jarða í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar. Einnig höfðu þau heyrt að jarðir nálægt vindorkuverum erlendis hefðu fallið í verði. Áform um uppbyggingu frístundabyggðar eru óljós vegna möguleikans á að vindvirkjanaframkvæmd verði í nágrenninu. Áhyggjur eru yfir að ákveðnir hyljir í laxveiðiám séu í sjónlínu og sjálfsagt séu fleiri dæmi í þessa veru.

Hagaðili sem þekkti til laxveiði á svæðinu taldi ekki að vindorkuver myndi hafa áhrif á laxveiðina þó að vindmyllur færu í taugarnar á einhverjum. Hann taldi að ferðamenn væru orðnir vanir vindmyllum og að virkjun myndi ekki hafa áhrif á fiskinn. Þó taldi hann þurfa að fara að með gát og að mannvirkin væru of há eins og þau væru áformuð núna en að of mikið hefði verið gert úr mögulegum áhrifum á fuglalíf, t.d. héldu hafarnir sig nálægt ánum en væru ekki á þessu svæði.

## 2.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Samkvæmt sveitarstjórnarfulltrúum hefur þessi orkukostur ekki verið settur fram samhliða neinni uppbyggingu sem henni getur tengst. Þarna ætli Alviðra að tengja sig inn á byggðalínuna en ekki væru uppi hugmyndir um að hægt væri að byggja gróðurhús eða gagnaver eða eitthvað sem nýtti orkuna innan sveitarfélagsins.

## 2.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Engar umræður áttu sér stað er varða þetta viðfang.

## 2.6 SÝNILEIKI

Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu farið í kynningarferð til Noregs til að kynna sér vindorkuver. Í rannsókn sem þar var gerð var ekki hægt að sjá að ferðamenn kæmu síður til Noregs þó að þar væru vindmyllur. Hins vegar sé ekki vitað t.d. hver sjónræn áhrif verði á t.d. veiðimenn. Hér sé það helst sjónmengun sem fólk hafi áhyggjur af en síðan þurfi að líta til þess að á þessu svæði sé votlendi og mikilvægt vatnasvæði fyrir jarðirnar í kring. Erlendis séu stundaðar miklar vatnsrannsóknir en ekki sé enn vitað hver áhættan sé varðandi plastmengun sem geti komist í neysluvatn. Þarna sé vatnið sem fæðir árnar. Það hljóti að vera einhver ástæða fyrir því að það þyki ástæða til að hafa rannsóknir erlendis varðandi orkuverin.

Hagaðili sagðist vera hlynntur virkjunaráformum þó að vindmyllur væru lýti í landslaginu. Mikil eftirspurn væri eftir rafmagni, meðal annars vegna orkuskipta. Langt væri síðan síðast hefði verið virkjað og við mættum ekki missa af tækifærunum vegna orkuskipts. Honum fannst þó þurfa að endurskoða hæðina á áformuðum vindmyllum, honum fyndist þær of háar. Hann sagðist hafa ferðast erlendis og þar væru þær lægri. Hann taldi einnig að ekki ætti að staðsetja vindorkuver uppi á hásum þar sem þær sæjust langt að heldur setja þær niður á láglandi, þar væri nægur vindur. Viðkomandi velti einnig fyrir sér möguleikum á að nýta sjávarföllin og taldi að það þyrfti að skoða þann kost betur.

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að það færdist í vöxt að fólk sæi kost við að búa í dreifbýli og njóta nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Vindorkuverið gæti truflað þessa þróun því það geti truflað íbúa að hafa vindmyllur yfir sér.

### 3 GARPSDALUR, REYKHÓLAHREPPI

EM Orka áformar að reisa vindorkuver á Garpsdalsfjalli í landi Garpsdals í Gilsfirði, 21 km austur af Reykhólum. Eftirfarandi eru helstu tölulegu upplýsingar um umfang þess:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (ha)	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
88,2	4,2	160	21	367	Um 12

Mat á umhverfisáhrifum er hafið og féllst Skipulagsstofnun á matsáætlun árið 2020 (EM orka og Mannvit, 2019). Lagðir verða vegir upp á fjallið og um svæðið. Svæðið liggur nálægt tengivirki Landsnets í Geiradal. Kynningar hafa farið fram gagnvart sveitarstjórn og nágrönnum frá því að undirbúningur verkefnisins hófst árið 2018 (EM orka, e.d.). Meðal annars voru allir nágrannar innan 10 km radíuss heimsóttir. Fyrsti kynningarfundur meðal íbúa var haldinn haustið 2018. Gert er ráð fyrir að stofna samfélagssjóð sem nýtist íbúum Reykhólahrepps.

#### 3.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Fulltrúar sveitastjórnar sögðust lítið verða varir við andstöðu við virkjunarframkvæmdir og að enginn heimamaður hefði gert athugasemdir við skipulagið.

Sveitastjórnarfulltrúar sögðust gefa framkvæmdaaðila háa einkunn hvað kynningu og samstarf við íbúa varðar. Þeir hafi farið hús úr húsi og rætt við íbúa áður en komið var með hugmyndir til sveitarstjórnar. Þetta hafi verið grundvöllurinn fyrir því að lítið er jákvætt á verkefnið. Milliliðurinn milli þeirra og framkvæmdaraðilans eigi í góðum samskiptum við þau og hafi alltaf getað svarað öllum spurningum sem upp hafa komið. Viðkomandi hefur verið boðið á íbúafundi og hefur mætt og ígrundað málin með þeim.

Hagaðilar sögðu einnig að áformin hefðu verið ágætlega kynnt á sínum tíma og talað við fyrirtæki og nærsamfélagið. Byrjað hefði verið á nærsamfélaginu í 10 km radíus sem virtist ekki raunin annars staðar. Áformin hefðu verið kynnt og fólki gefinn kostur á að hugsa málin og tekið hefðir verið tillit til athugasemda og spurningum svarað. Í kjölfarið hefði verið farið í ýmsar rannsóknir, t.d. á fuglalífi.

Hagaðilar tóku undir að umræðan í sveitarfélaginu væri frekar jákvæð og höfðu ekki heyrt háværar gagnrýnisráddir. Kynningarfulltrúi fyrirtækisins hefur verið í góðu sambandi við nærsamfélagið og brugðist hefur verið við áhyggjum varðandi náttúruna. Til dæmis var farið í að merkja hafarni, þar Breiðafjörðurinn er stærsta varpsvæði hafarna. Rannsóknir benda til að þeir þræði fram hjá því svæði sem um er að ræða. Hagaðili sagði greinilegt að staðarvalið væri úthugsað, meðal annars til að takmarka sjónræn áhrif.

Fulltrúar sveitarstjórnar fóru í kynningarferð til Danmerkur í fyrra að skoða vindorku þar, skoðuðu þar sjálfbærni verkefni og sögðust hafa kynnt sér þetta málefni frekar vel.

#### 3.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Samkvæmt sveitarstjórnarfulltrúum stendur orkuskortur samfélaginu fyrir þrifum. Upp hafa komið hugmyndir um heilsuhótel, laxeldi, framleiðslu vara úr þangi og þara, það er verið að þreifa fyrir sér með ýmiskonar nýsköpun og næg orka myndi gera þeim kleift að taka þátt í þessu samtali. Þau sjá fyrir sér græna iðngarða þar sem orka nýtist á milli staða og úrgangur frá þessari auðlind getur nýst inn í verðmæti annars staðar.

Sveitarstjórnarfulltrúar töluðu um að þau tilheyrðu hringrásarsamfélagi. Þeirra hugur er að teikna nýtingu vindorku inn í þessa hringrás, þar sem ekki sé gengið á auðlindir en þær auðlindir nýttar sem eru til staðar. Þetta snúist ekki um hvort orkan sem búin er til komi beint til þeirra heldur að þau séu ekki baggi á kerfinu, að orka sé framleiðd á staðnum. Þetta fellur undir hugmyndir um sjálfbærni samfélagsins að þau séu sjálfum sér næg og framleiði frekar meira en þau þurfa en minna og séu þannig ekki baggi eða þiggjendur. Sveitarstjórnarfulltrúar töluðu um að ekki væri næg orka í sveitarfélaginu fyrir orkuskiptin, eða með orðum sveitarstjórnarfulltrúa: „Orkan á Vestfjörðum er uppseld.“ Sveitarfélagið er keyrt á dísilrafstöðvum marga daga á ári og þau hafa heyrt af því að fyrirtæki hafi hætt við uppbyggingu á staðnum vegna orkuskiorts.

Í hugmyndum sveitarstjórnarmanna um stöðu Vestfjarða í heild sinni er verið að bíða eftir að fá hringtengingu raforku um landshlutann. Nýjar virkjanir myndu hjálpa til við að það yrði að raunveruleika, s.s. í Reykhólahreppi sem yrðu nálægt þeirri línu.

Hagaðilar töluðu um að ekki veitti af að auka orkuna inn á kerfið á svæðinu og að hver ný atvinnugrein sem bættist við skipti miklu máli, hversu stór sem hún væri.

### 3.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að á þeim árum sem liðið hafa síðan að síðast var talað við þau hafi afstaðan ekki breyst og styrkst ef eitthvað er. Nýtt skipulag var samþykkt á grundvelli skipulagslaga 2022. Á sveitarstjórnarfulltrúum mátti skilja að það myndi ekki standa á sveitarfélaginu að afgreiða framkvæmdaleyfi kæmi það á borðið. Vegna orkuskiorts geti þau ekki leyft sér að bíða eftir hvað komi út úr skoðun á skattheimtu sveitarfélaga. Þau þurfi orku strax til að vera samkeppnishæf við aðra landshluta sem þau séu ekki núna. Þau hafa fylgst með því sem er að gerast erlendis og í nágrannasamfélögum, þar sem framkvæmdaraðilar koma á stofn einhvers konar samfélagssjóði sem rennur til sveitarfélagsins og geta hugsað sér að fara einhverja þannig leið. Þau sögðust treysta þeirri faglegu vinnu sem væri í gangi hvað þetta varðar. Þau sögðust hlynnt því að sveitarfélögum sé gert kleift að styrkja innkomuna sína.

Hagaðilar sögðust lítið vita um tekjumöguleika af áformaðri virkjun og hverjar tekjur sveitarfélagsins og landeigenda yrðu. Þeir höfðu heyrt um samfélagssjóði í tengslum við aðrar framkvæmdir og sögðu að slíkir sjóðir væru mjög ganglegir í ýmis verkefni og gætu skipt miklu máli.

Hagaðilar sögðu að í svona litlu samfélagi skiptu allar framkvæmdir máli og mikil ruðningsáhrif yrðu af hverju starfi sem skapaðist. Mikið munaði t.d. um hvert barn í grunnskóla og hvern íbúa sem þyrfti að leita á bílaverkstæði eða nýta aðra þjónustu.

### 3.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Lítið hefur verið rætt um vegagerð eða aðra innviði í tengslum við vindorkuver og hvaða tækifæri gætu falist í bættum vegasamgöngum varðandi ferðamennsku og annað. Einhverja stoðvegi þyrfti þó að byggja í kringum verkefnið.

### 3.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Engar umræður áttu sér beinlínis stað er varða þetta viðfang en í sveitarfélaginu er unnið með hugmyndir um hringrásarkerfi. Samkvæmt sveitarstjórnarfulltrúum er draumurinn að gera það að aðdráttarafli fyrir ferðamenn og vindmyllugarðurinn myndi virka inn í það.

### 3.6 SÝNILEIKI

Eftir kynningarferð til Danmerkur í fyrra voru sveitarstjórnarfulltrúar á þeirri skoðun að vindmyllugarða ætti að setja þar sem búið er að brjóta land fremur en að fara með þá í óbyggðir. Þeir töldu að staðsetning vindorkuversins væri frekar vel falin, þar gengi búfé laust en að framkvæmdin myndi ekki hafa áhrif á lausagöngu búfjár. Þau sögðu að ekkert hefði komið á þeirra borð hvað varðar sjónræn áhrif virkjunarinnar. Ekki hafa komið fram aðrar tillögur að staðsetningu. Þau töldu það þyrfti að ígrunda vel hvar vindorkugarðar verði settir niður, þau vilji ekki fá þessa garða hvar sem er og út um allt og að um þetta verði að ríkja sátt.

Aðspurð sögðust sveitarstjórnarfulltrúar ekki hafa áhyggjur af áhrifum á fuglalíf. Samkvæmt upplýsingum í heimsókninni til Danmerkur færu fuglar ekki í spaðana og samkvæmt rannsókn sem hér hefði verið gerð væri haförninn ekki á þessu svæði.

Einn hagaðili kvaðst telja sig „fanatískan náttúrusinna“ en sagðist vilja nota náttúruna innan skynsamlegra marka. Hann sagðist ekki vita hvort áform um vindorkuver væru gáfuleg í sjálfu sér en að af þeim virkjunarkostum sem hann hefði séð áform um þætti honum þessi staðsetning „lang gáfulegust“. Vindmyllurnar sæjust hvergi nema maður væri kominn langt í burtu og spaðarnir væru í efstu stöðu. Viðkomandi taldi þó að vindmyllurnar þyrftu líklega ekki að vera eins háar og gert væri ráð fyrir, hönnuðir væru líklega að vanmeta vindinn á svæðinu. Mælarnir sem settir voru upp fuku alltaf í burtu og 80 metra hátt mastur sem sett var upp f auk í fyrsta roki. Einnig hafði hagaðili áhyggjur af mögulegri plastmengun sem tengdist spöðunum, það þyrfti að skoða hvað yrði um þau hundruð tonna af plasti sem ættu eftir að eyðast.

## 4 HNOTASTEINN, HÓLAHEIÐI, NORÐURÞINGI

Fyrirtækið Qair hefur óskað eftir að byggja vindorkuver á Hólaheiði sunnan Þjóðveggarins um Hófaskarð (Qair, 2022). Eftirfarandi eru helstu tölulegu upplýsingar um umfang þess:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (ha)	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
216-266			34-37	3.300	

Mat á umhverfisáhrifum er langt komið og búið að vinna ýmsar sérfræðirannsóknir í tengslum við þá vinnu. Búið er að breyta aðalskipulagi Norðurþings á svæðinu þar sem virkjunin er áformuð í iðnaðarsvæði. Haldnir hafa verið kynningarfundur fyrir sveitarstjórn Norðurþings og íbúum á svæðinu í Norður Þingeyjarsýslu.

### 4.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Skiptar skoðanir voru meðal sveitarstjórnarfulltrúa sem rætt var við á því hvort verkefnið væri líklegt til að valda deilum í sveitarfélaginu. Einn þeirra sagði að þarna væri um einkaland að ræða og þau gætu ekki haft skoðun á hvað fólk gerði á sínu landi. Annar fulltrúi var ósammála því. Sá fyrrnefndi taldi ekki líklegt að mótmæli yrðu hávær en annar fulltrúi taldi líklegt að deildur yrðu á svæðinu um málið.

Hagaðili hafði áhyggjur af því að verkefni af þessari stærðargráðu gæti klofið samfélagið í tvennt þar sem fólk myndi skiptast með og á móti framkvæmdinni og að þetta gæti klofið upp fjölskyldur, vinnustaði og vinahópa, dæmi væru um slíkt á Íslandi og að á kynningarfundinum hefðu fleiri en einn og fleiri en tveir staðið upp og varað við þessu. Þetta væri ekki það sem þau þyrftu á að halda í þessum litlu samfélögum.

Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins hafa viðbrögð við áformunum verið blendin og einnig voru skiptar skoðanir á áformunum meðal sveitarstjórnarfulltrúanna. Einn sveitarstjórnarfulltrúi sagði að fámennur hópur hafi verið mjög mótfallinn áformunum þegar þau voru kynnt og hafi haft mjög hátt. Viðkomandi taldi að margir á Kópaskeri væru hlyntir verkefninu en hefðu sig ekki í frammi. Annar fulltrúi var þessu ósammála og sagði út frá símtölum sem hann hefði fengið frá fólki sem væri mótfallið framkvæmdunum að hann teldi þann hóp í meirihluta. Sú andstaða tengist fyrst og fremst sjónmengun og röskun á svæðinu. Hinn fulltrúinn sagði að á íbúafundinum sem haldinn var hafi sýnileiki ekki verið stærsta atriðið, fremur áhyggjur af plastmengum út frá spöðum og að fólk hugnaðist ekki að franskt einkafyrirtæki standi fyrir framkvæmdunum út frá gróðasjónarmiðum og kysi fremur að vindorkuvæðing væri í höndum Landsvirkjunar.

Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins hefur kynning á verkefninu verið nokkuð góð. Verkefnið var kynnt í byggðaráði sveitarfélagsins einu sinni á síðasta kjörtímabili og aftur á núverandi kjörtímabili. Einnig var haldinn stór, opinn íbúafundur á Kópaskeri. Þau segja mikla samfélagslega umræðu hafa verið um þetta á Húsavík og í kringum Kópasker. Einn fulltrúinn segir þó að hann hafi ekki heyrt frá íbúum síðan hann tók við fyrir ári og finnst þetta verkefnið komið langt miðað við hversu lítið er búið að tala um þetta við viðkomandi.

Hagaðili sagði að það hefði komið flatt upp á íbúa austan Tjörnness þegar búið var að breyta skipulagi svæðisins og skilgreina það sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi í stað landbúnaðarsvæðis. Haldinn hefði verið fjölmennur íbúafundur á Kópaskeri en látið eins og að þetta kæmi íbúum Raufarhafnar ekki við.

Á kynningarfundum hefði viðkomandi upplifað vanvirðingu gangvart íbúum. Sá sem kynnti þetta hefði sagt að hætt hefði verið við áform um vindmyllur á Flúðum þegar í ljós kom að vindmyllurnar myndu sjást frá Gullfossi og það hleypti illu blóði í fundarmenn að þá væri í lagi að þetta sæist á öllum þeirra helstu ferðamannastöðum. Einnig hefðu þau rök komið fram á fundinum að þessi staðsetning væri hentug því allt væri á vonarvöl á svæðinu og sauðfjárbúskapur ætti sér enga framtíð. Þetta hefði ekki verið viðeigandi innlegg í kynninguna. Samtök ferðaþjónustu á svæðinu brugðust einnig hart við þeirri fullyrðingu að engin ferðaþjónusta væri þarna sem ekki væri rétt. Viðkomandi taldi að það hefði komið yfirvöldum á óvart hversu mikil mótstaða var við skipulagsbreytingarnar og hefði þeim verið frestað.

Hagaðillinn vakti athygli á því að hann og fleiri væru í sjálfboðavinnu að reyna að fylgjast með og kynna sér þessi áform, þetta kostaði heilmikinn tíma og væri ekki vinnan þeirra.

## 4.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Fulltrúi sveitastjórnar talaði um að áformuð 200 MW virkjun væri mikil orka. Það vantaði innviði niður á Raufarhöfn og til Þórshafnar og ef hægt væri að bæta úr því hlyti það að vera ávinningur fyrir þetta svæði. Viðkomandi benti á að misræmi væri í upplýsingum frá fyrirtækinu um hversu stór virkjunin ætti að vera. Annar fulltrúi benti á að raforku vantaði t.d. í fiskimjölsverksmiðju á Þórshöfn, þar þyrfti að brenna milljónum lítra af olíu. Ef hringtengingu væri komið á með verkefninu myndi það styrkja innviði og enginn myndi byggja 200 MW virkjun sem ekki væri með tengingu inn á kerfið. Þannig væri mjög mikilvægt að hægt yrði að nýta hluta orkunnar sem til yrði á Kópaskeri, Þórshöfn og Raufarhöfn.

Hagaðili minnti á að eðli orkuframleiðslu með vindi væri þannig að orkan yrði líklega keyrð inn á landsnetið til notkunar þar sem þörfin væri mest hverju sinni. Líklegast færi orkan þannig í „pott“ og nýttist ekki á svæðinu.

## 4.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Skiptar skoðanir voru um ávinning af fyrirhuguðum framkvæmdum. Einn sveitarstjórnarfulltrúanna sagði að lítill fjárhagslegur ávinningur yrði af framkvæmdinni: „við sköfum svæðið en græðum ekkert á þessu“. Viðkomandi taldi að þessu fylgdu fá störf sem væru tímabundin á meðan á uppbyggingu stæði. Kostirnir við verkefnið væru hins vegar þeir að það myndi skapa umsvif í á Kópaskeri og í Öxarfirði og skapa einhver störf á framkvæmdartíma og ef hægt væri að þrýsta á um að raforkan yrði notuð á Kópaskeri og þannig t.d. hægt að nýta húsnæði sem stæði tómt við höfnina þá væri sá ávinningur „mikill og augljós“. Vindmyllugarðurinn yrði reistur á einkalandi og það ætti eftir að skýrast hvort sveitarfélagið fengi fasteignagjöld fyrir hverja vindmyllu. Á meðan að ekki væri vitað meira um verkefnið væri erfitt að segja já eða nei, það færi eftir því hvernig verkefnið væri og það yrði ekki keyrt í gegn á meðan að sú vinna væri í gangi.

Hagaðili hafði ekki miklar væntingar um að framkvæmdinni fylgdu störf. Þau hefðu ekki fengið upplýsingar um nokkra búsetu sem tengdist þessu og byggingarverktaki á svæðinu hafði sagt að verkefnið væri það stórt að fá þyrfti utanaðkomandi byggingarverktaka til að sjá um svæðið. Því væri fórnarkostnaðurinn af framkvæmdinni allt of mikill miðað við ávinning.

Tvö stór fyrirtæki eru að hætta störfum á Kópaskeri, Fjallalamb og gamla rækjuverksmiðjan. Sveitarstjórnarfulltrúi taldi ekki líklegt að það myndi breytast með meiri raforku á svæðinu en sagði að Kópasker væri stækkandi byggð og með jarðhita á svæðinu væru mjög miklir framtíðarmöguleikar fyrir nýsköpun svo lengi sem þau hefðu afhendingaröryggi á raforku og góðar samgöngur.

Hagaðili var algjörlega ósammála því viðhorfi sem honum fannst skína í gegn á kynningarfundinum sem haldinn var um verkefnið að hnignun væri í samfélaginu: „Hér er allt vaðandi í fiskeldi, nóg atvinna og

vantar húsnæði. Sauðfjárbúskapur er hér stundaður af krafti, fullt af fólki sem vinnur við ýmislegt honum tengt og ýmis þjónusta og svo mikið af börnum að það verður vart við ráðið“.

#### 4.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Bæði fulltrúar og hagaðili töluðu um að íbúar hafi viðrað áhyggjur af því að þungaflutningar í tengslum við framkvæmdina muni fara illa með vegina sem ekki séu góðir fyrir. Einnig voru áhyggjur af því að flutningar á risastórum spöðum gætu heft umferð um svæðið, t.d. sjúkraflutninga. Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu ekki væntingar um að verkefnið myndi skila sér í uppbyggingu á vegakerfi svæðisins.

#### 4.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu skiptar skoðanir á áhrifum vindmyllugarða á ferðamennsku. Á meðan að einn sagðist vera hlynntur vindmyllum svo fremi sem þær væru: „í friði við fólk og lífríkið í kring“ sagðist annar sveitarstjórnarfulltrúinn telja að þessi áform og ferðaþjónusta færu alls ekki saman. Viðkomandi fannst ekki spennandi að horfa á vindmyllur á ferðalögum. Ísland væri þekkt fyrir víðsýni sem væri mikið á þessum slóðum og það myndi breytast með tilkomu vindorkuversins. Einnig var talað um aukinn áhuga frá skemmtiferðaskipum á að koma með farþega í land á hraðbátum, sem hefðu áhuga á að heimsækja lítil og ósnortin þorp. Á hinn bóginn var talað um að við yrðum að horfa 30 ár fram í tímann. Á haustfundi Landsvirkjunar hefði komið fram að Ísland þyrfti að auka framleiðslu á raforku t.d. til að rafvæða bílafлотann og að við gætum ekki haldið hlutunum eins og þeir eru.

Hagaðili sem stundar ferðamennsku á svæðinu sagði þessi áform algerlega í andstöðu við þá ferðamennsku sem væri verið að þróa og markaðssetja á svæðinu. Hann sagðist tengjast ferðafélagi sem selur gönguferðir á svæðinu sem hefði heilmikil áhrif inn í hagkerfi svæðisins og þær gönguferðir yrðu ekkert sambærilegar ef þessi áform gengju eftir og spurning hvort þau mættu yfirleitt ganga um svæðið. Þarna væri verið að fara inn á ósnortið land og Melrakkasléttan væri eitt af þessum fáu víðernum sem eftir væru í Evrópu: „Þetta er svo gríðarlega stórt, ekki litlar, sætar vindmyllur eins og tannstönglar í rjómatertu, gríðarlega hátt og miklar undirstöður. Ósnortið svæði fer algerlega í spað.“

Hagaðili sagði að það sem þau markaðssettu á þessu svæði væri útsýni og tiltölulega lítt snortið svæði, kyrrð og friður, mikið fuglalíf og ströndin. Þau væru með nyrstu tanga landsins, Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og Rauðanúp á Melrakkasléttu og vindmyllurnar myndu sjást frá öllum þessum stöðum: „Ætlum við að breyta þessu svæði í iðnaðarsvæði að það sem einkennir okkur séu orkuver. Það gengur algerlega þvert á allt sem við erum að markaðssetja hér“.

#### 4.6 SÝNILEIKI

Sveitarstjórnarfulltrúi talaði um að mikil sjónmengun yrði af vindorkuveri fyrir íbúa Öxarfjarðarhéraðs og þeir væru ekki hressir með þessi áform. Einnig hefðu þau ekki fengið upplýsingar um hversu mikill hvinur yrði frá vindmyllunum og hvert áhrifasvæði hvinsins yrði. Annar fulltrúi sagði að sjónmengun yrði langmest á sléttunni sjálfri og að vindmyllurnar yrðu sýnilegar frá Tjörnesinu.

Einn fulltrúi sagðist ekki telja að vindorkuver á þessum stað væri góður kostur. Það væri eðlilegra að hafa færri vindorkuver á tilteknum stöðum en ekki dreifa þeim í einkalönd hjá fólki, einnig mætti bæta flutningsgetu og nýta betur það sem þegar væri framleitt. Talað var um að svæðið á bak við Húsavíkurfjall væri betri kostur hvað varðar sjónræn áhrif. Einnig var rætt um hvort ekki væri heppilegra að ríkið sæi um raforkuframleiðslu en einkaaðilar. Það sýndi reynsla af „lukkuriddurunum á Bakka“, mengun vegna fiskeldis og leikur að tölum í álframleiðslu þar sem hagnaðurinn af auðlindinni skilaði sér í vasa erlendra auðmanna.

## 5 HRÚTMÚLAVIRKJUN, SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

Hrútmúlavirkjun er áformuð á jörðinni Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Helstu tölulegar upplýsingar eru eftirfarandi:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (km <sup>2</sup> )	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
85	3,2-3,5	150	25	10	0,3

Í upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að myllurnar gætu orðið stærri og þá eitthvað færri (Gunnbjörn ehf. og Wpd think energy, e.d.). Virkjunin gæti tengst 220 kV línu í um 10 km fjarlægð með nýju tengivirki sem hugsanlega væri hægt að samnýta með fleiri virkjunum t.d. vatnsaflsvirkjunum í neðri hluta Þjórsár. Verkfræðistofan Efla hefur unnið undirbúningsvinnuna fyrir virkjunaraðilann sem er Gunnbjörn ehf. Í samstarfi við vindorkufyrirtækið wpd group og fram kemur í kynningargögnum að stefnt sé að aðild íslenskra fjárfestinga- og lífeyrissjóða. Fyrsta kynning fyrir sveitarstjórn var árið 2019 samkvæmt kynningargögnum framkvæmdaraðila. Hljóðvistar- og sýnileikakort hafa verið unnin.

### 5.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að það hefði skapað mikla óvissu og vanlíðan meðal íbúa að frétt af áformum án þess að talað hefði verið við þá. Þeim fyndist þeir í lausu lofti og máttvana gagnvart þessum áformum, mikill tími færi í að reyna að setja sig nægilega vel inn í þessi mál til að geta andmælt þeim og fólk sæi jafnvel fram á að þurfa að verja milljónum í málsvarnarlaun til að verja sig gegn þessu. Ef samfélagið vissi hver áformin væru væri hægt að ræða málin og taka afstöðu.

Mikil óánægja var meðal sveitarstjórnarfulltrúa á því að ekki hefði verið rætt um þessar virkjunaráætlanir við kjörna fulltrúa og að enginn samráðsfundur hefði verið haldinn í samfélaginu. Ekki hefði verið haldin nein kynning fyrir nágrannana, ekki einu sinni þá sem væru innan fjarlægðarmarka hvað hljóðvist varðar. Þetta væri ámælisvert. Þau töldu eðlilegast að hlutlausum aðila væri falið að sjá til þess að almennilega sé staðið að þessum málum frá upphafi og að marklaust sé að skoða samfélagsleg áhrif, t.d. með spurningakönnun áður en fólk hefur fengið upplýsingar um áformin.

Hagaðili sagði einnig að engin kynning hefði farið fram. Íbúar í nágrenninu hefðu frétt árið 2021 að fundað hefði verið með þáverandi sveitarstjórn um þessi mál en að ekki hefði átt að gera áformin opinber. Þeir hefðu þurft að ganga á eftir skýrslu frá Eflu til að fá upplýsingar og í framhaldinu hefðu landeigendur komið saman og krafist þess að sveitarstjórnin gripi til aðgerða sem hefði verið gert á þann hátt að ekki yrði hægt að halda áfram með þessi áform fyrr en stefnumótun hefði farið fram, bæði frá hinu opinbera og sveitarfélaginu. Hagaðili sagði að verulega vantaði upp á upplýsingar í skýrslunni frá Eflu, þar væri t.d. ekki merkt inn á íbúðarhús sem væri í um 500 metra fjarlægð frá þeirri vindmyllu sem næst væri.

Sveitastjórnarmeðlimir töldu að fasteignaverð myndi lækka á svæðinu ef vindorkuver yrði sett upp. Þau sögðu að fjöldi fólks liði illa vegna áhyggja af því hvaða áhrif virkjun myndi hafa á eignir þeirra. Íbúar í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar höfðu frétt af áformunum utan að sér og sent yfirlýsingu á sveitarstjórn um að þeir væru mótfallnir þessum áformum, þetta myndi ekki einungis hafa áhrif á jarðarverð heldur veruleg sjónræn áhrif.

Samkvæmt hagaðila er rekin umfangsmikil svínarækt innan þeirrar hljóðvistar sem verið er að tala um. Búið sér Sláturfélagi Suðurlands fyrir megninu af því svínakjöti sem það vinnur og því sé mikið í húfi ef í ljós kemur að vindmyllur hafi áhrif á þennan rekstur. Einnig myndu áhrif á starfsemi svínabúsins hafa

áhrif á starfsemina í Gunnarsholti því kornið sem notað er í svínaræktinni sé ræktað í Gunnarsholti og breyting á því myndi líka snerta Landgræðsluna. Innan hljóðvistar vindorkuversins er einnig veiðihús fyrir ána. Talað er um 40-45 db hljóðvist.

Sveitarstjórnarfulltrúi sagði að það væri ámælisvert fyrir löggjafann að á Íslandi væri umgjörðin um orkumál þannig að einhver gæti sett heilu samfélögin í uppnám vegna einhverra virkjunarkosta. Það mætti horfa á hvernig þessir hlutir væru gerðir t.d. í Svíþjóð, Skotlandi og í Danmörku.

## 5.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Lítið var komið inn á þennan þátt.

## 5.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Fulltrúar sveitarstjórnar sögðu að þeim lykilspurningum sem þeir hefðu varðandi virkjanaáform væri ekki hægt að svara því ekki væru komin lög um skatta og umgjörð um vindorkuver. Þeir töldu að á meðan að ekki sé skerpt á lagaumhverfinu sé öll þessi vinna sem verið er að vinna tilgangslaus. Þeir sögðu að það yrðu störf og styrking á innviðum á framkvæmdatíma en ekkert væri að marka loforð framkvæmdaraðila um framtíðaratvinnu, þar sem fyrirséð væri að það yrðu erlend viðhaldsgengi sem myndu sjá um viðhaldið. Þannig væri ekki sjáanlegur ávinningur af vindorkuverinu en það væri fyrirséð að fasteignaverð myndi lækka í einhverra kílómetra radíusi í kringum virkjunina.

Hagaðili hafði sömuleiðis ekki væntingar um að framtíðarstörf myndu fylgja vindorkuverinu. Í undirbúningi vindmylla við Búrfell hefði verið gert ráð fyrir að íslenskir sérfræðingar myndu sinna viðhaldi en sú hefði ekki orðið raunin því það væru erlendir verktakar sem sinntu því með að koma reglulega á svæðið en svo færu þeir aftur. Hann talaði um að ekki væri búið að ganga frá stefnumótun um hvernig orkufyrirtæki ættu að verða hluti af nærsamfélaginu.

Sveitarstjórnarfulltrúar töldu að vindorkuver gæti haft slæm áhrif á uppbyggingu til framtíðar. Mikil uppbygging væri í ferðaþjónustu og áætlað að þegar henni lýkur verði 500-700 störf tengd ferðaþjónustu. Áform um vindorkuver samræmdust engan veginn sýn sveitarstjórnar á atvinnu á svæðinu og þessari uppbyggingu, fráleitt væri að setja vindmyllugarð inn í miðjuna á ferðaþjónustusvæði. Fyrirhugað væri að setja þetta í bakgarðinn hjá fólki sem ekki væri einu sinni búið að ræða við og að 13 manns byggju í hljóðvistarradíus við fyrirhugaðar vindmyllur.

Hagaðili taldi að vindmyllugarður myndi hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu.

## 5.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Sveitastjórnarfulltrúar töldu að æskilegra væri að setja vindorkukosti nálægt þeim stöðum þar sem nota ætti orkuna og innviðir væru til staðar. Það sjónarmið kom fram að eðlilegast væri að samfélagið tryggði orkuöflun í landinu en ekki einkaaðilar, byrjað væri á að skilgreina hvar ætti að taka frá land fyrir orkuver og svo væri boðið í þau en ekki öfugt. Það væri ámælisvert að umgjörðin væri þannig að einhver gæti sett heilu samfélögin í uppnám vegna einhverra virkjunarkosta. Það mætti horfa á hvernig þessir hlutir væru gerðir t.d. í Svíþjóð, Skotlandi og Danmörku.

## 5.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Engar umræður voru beinlínis vegna þessa viðfangs en sveitastjórnarfulltrúar töldu þessi áform í mótstöðu við þá ferðaþjónustu sem búið væri að byggja upp á svæðinu, t.d. myndi þetta hafa neikvæð áhrif á hestaferðir þar sem þetta myndi blasa við alls staðar frá. Þau veltu fyrir sér hver réttur íbúa væri

gagnvart framkvæmdaraðilanum. Þau töldu að ferðamennska og orkuvinnsla gætu farið saman, á svæðinu væru sjö vatnsaflsvirkjanir en að ekki væri hægt að selja ró og kyrrð og náttúru í vindorkugarði.

## 5.6 SÝNILEIKI

Hagaðili sagði að umræða um vindorkuver teygði sig langt út fyrir sveitarfélagið, þar sem vindmyllurnar yrðu sýnilegar á svæði þar sem mikil uppbygging væri í ferðaþjónustu. Spaðarnir myndu sjást frá Flúðum, Árnesi, veginum í Þjórsárdal, í kring um Flúðir og jafnvel neðan af Skeiðum og því væru menn mjög „á bremsunni“ allt í kring. Hann talaði um að búið væri að vinna í stefnumótun um að auka almenna útivist og aðstöðu fyrir þá sem vilja njóta útivistar á svæðinu. Verið væri að undirbúa að byggja nýtt veiðihús á svæðinu og verið væri að laga veg inn með allri ánni til að bæta aðkomu að laxánni, sem fjöldi landeiganda hefur tekjur af. Hann sagði að þessi áform færu öll í uppnám ef menn væru „með spaða í augunum.“

Sveitarstjórnarfulltrúi sagðist almennt séð telja sig virkjunarsinnaðan en var mótfallinn þeim vinnubrögðum sem tíðkuðust varðandi vindorkuver. Hann taldi að Íslendingar þyrftu sem þjóf að ákveða hvar staðsetja eigi vindorkuver og hversu mikið þurfi að virkja en ekki láta „lukkuriddara“ ráða för. Þarna væri áformað að reisa 200 metra háar vindmyllur í 200 metra hæð. Hann spurði hvers vegna byggja ætti þessar virkjanir uppi í fjallgörðum þar sem þær sæjust alls staðar að og taldi eðlilegra að þær væru þar sem sjónlínan væri niður að sjó. Gífurleg uppbygging væri fram undan á svæðinu og það þyrfti fyrst og fremst að horfa á fólkið sem býr á svæðinu og þeirra lífsviðurværi.

Hagaðili sagðist sömuleiðis vilja vera raunsær og ekki neikvæður en að áform um vindmyllugarða þyrftu að fá málefnalega umfjöllun en í þessu tilfelli hefði ekki einu sinni verið rætt við landeigendur á svæðinu. Hann taldi að vindmyllugarður myndi gerbreyta umhverfinu og tilfinningu fyrir því. Fólk kæmi akandi þarna upp á hálendið til að njóta umhverfisins en „svo keyrir það allt í einu inn í vindmyllugarð.“ Hann benti einnig á að framkvæmdirnar yrðu allar á skipulögðu landbúnaðarsvæði, á túnum sem verið hefðu í leigu til bænda í nágrenninu. Honum leist betur á áform Landsvirkjunar varðandi Sultartanga, í svokölluðum Búrfellslundi því þar væri ekki verið að trufla eitt eða neitt og það væri ekki sama hvar slíkar virkjanir væru settar upp.

## 6 MOSFELLSHEIÐARVIRKJUN I, GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Fyrirtækið Zephyr Iceland áformar að byggja vindorkuver á Mosfellsheiði; Mosfellsheiðarvirkjun I í Grímsnes- og Grafningshreppi og Mosfellsheiðarvirkjun II í Sveitarfélaginu Ölfusi. Tölulegar upplýsingar sem miðað er við í gögnum eru eftirfarandi:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (km <sup>2</sup> )	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
75	5-6	150-200	12-15	5-8	

Í skýrslu um tilhögun virkjunarkosts kemur fram að áætlað er að fyrsti áfangi Mosfellsheiðarvirkjunar I geti orðið á stærðarbilinu u.þ.b. 40-80 MW og að síðar verði virkjunin stækkuð þannig að afl hennar yrði u.þ.b. 75-100 MW. Mögulega yrðu samhliða reistar vindmyllur á aðlægu svæði á heiðinni innan lögsögumarka Sveitarfélagsins Ölfuss. Fram kemur að afl vindmyllanna og stærð muni skýrast eftir því sem vindmælingum og öðrum rannsóknum á svæðinu miðar áfram. Þessar viðmiðanir geti því breyst (Zephyr Iceland, 2020).

### 6.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðust telja að ekki hefði farið fram mikil umræða um þennan virkjunarkost í samfélaginu og að það væru ekki allir íbúar svæðisins einu sinni meðvitaðir um að það land sem vindorkuverið ætti að standa á tilheyrði sveitarfélaginu. Því séu ekki margir að spá í þessa hluti. Það væri erfitt að segja hvað myndi gerast ef kynning færi fram meðal íbúa. Nokkrir bændur hafa verið að skoða að setja upp vindmyllur við bæina.

Hagaðili sagði sömuleiðis að ekki hefði farið fram mikil umræða um þessa tvo virkjunarkosti uppi á Mosfellsheiði.

Fyrri sveitarstjórn gerði viljayfirlýsingu við fyrirtækið og núverandi sveitarstjórn ákvað að standa við þá viljayfirlýsingu þegar hún tók við 2018, talað var um að setja upp vindorkumastur og þau voru í töluverðum samskiptum við Zephyr árin 2019 og 2020 en höfðu ekki heyrt í þeim síðan fyrr en viku fyrir þennan fund þegar þau fengu fyrirspurn vegna fuglarannsóknar. Þau segja að einhverjar breytingar hafi orðið á áformum um fjölda og stærð vindmylla síðan þá. Ekki hefur orðið frekari umfjöllun um málið í núverandi sveitarstjórn sem tók við 2022 né í samfélaginu og sveitarstjórnarfulltrúi sagðist hafa undrast það hversu langt áformin væru komin án þess að kjörnir fulltrúar og íbúar vissu af því. Það hlýti að vera hagur framkvæmdaraðila að vera búnir að kynna þetta og fá íbúa með sér.

### 6.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Litlar umræður urðu um þennan þátt en þó var minnst á að því hafi verið velt upp hvort grundvöllur gæti orðið fyrir grænum iðngarði í kjölfar slíkra framkvæmda, það vantaði orku inn á svæðið.

Sveitarstjórnarfulltrúi sagði að mögulega ætti að setja upp vindorkuver nálægt þeim stöðum þar sem nota ætti orkuna, t.d. á höfuðborgarsvæðið. Einn fulltrúinn sagðist t.d. búa nálægt Nesjavallavirkjun án þess að vera með heitt vatn, því það færi allt til Reykjavíkur.

### 6.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Rætt var um að virkjunin væri á mörkum tveggja sveitarfélaga. Nú væri umgjörðin þannig að skattlagningin færi út frá því hvar stöðvarhúsið væri og líklega væri þetta eins með vindmyllugarða. Það væri sanngjarnara að tekjur af orkuverum skiptust á milli þeirra sveitarfélaga þar sem áhrifa gætti. Í núverandi umhverfi gætu þau sett niður vindmyllugarð án þess að hitt sveitarfélagið hefði neitt um það að segja. Því skiptir máli að til sé skilgreining á nærsamfélaginu og leiðir til að reikna ábata. Samtök orkusveitarfélaga hafa unnið að slíkri skilgreiningu, þar sem notast er við ákveðna reikniaðferð sem reiknar áhrif af vindmyllum út frá stærð þeirra. Miðað við þá reiknireglu getur þessi virkjun einnig haft áhrif á Ölfus, Mosfellsbæ og mögulega Kópavog og fleiri sveitarfélög, eftir því hversu háar vindmyllurnar verða.

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að sveitarfélagið væri aðili að samtökum orkufélaga og að sveitarfélögin væru ekkert að flýta sér í þessum málum á meðan að ekki hefðu fengist svör um hvernig skattheimtu á vindorkuver yrði háttað. Beðið væri eftir svörum um það. Sveitarstjórnin er jákvæð fyrir uppbyggingu svo lengi sem nærsamfélagið fær ábata af því sem gert er, hvort sem um er að ræða vindvirkjanir eða annað. Viðmælendur töldu ekki að það yrði sveitarstjórnin sem kæmi í veg fyrir framkvæmdir. Líklegra væri að umhverfissjónarmið myndu koma í veg fyrir framkvæmdir. Þau höfðu ekki væntingar um framtíðarstörf í sambandi við vindvirkjun, líklega yrði þetta þjónustað af erlendum aðilum.

Hagaðili talaði um að það yrðu umsvif og hagræn áhrif á framkvæmdatímanum en spurning með líftímann og rekstrartímann og hvert ágóðinn myndi skila sér. Hann taldi ekki að föst störf myndu fylgja heldur yrði viðhaldi sinnt af erlendum sérfræðingum.

### 6.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Málið var mikið rætt á síðasta kjörtímabili vegna endurskoðunar á skipulagi. Þarna átti að skilgreina iðnaðarsvæði en þau voru gerð afturreka með það. Svæðið þar sem vindorkuverið er skipulagt er lokað átta mánuði ársins því Nesjavallaleið er lokað yfir veturinn. Sveitarstjórnarfulltrúar veltu fyrir sér hvort framkvæmdirnar myndu leiða til meiri þjónustu á leiðinni þannig að sumarbústaðaeigendur fengju t.d. betra aðgengi. Framkvæmdaraðilar höfðu rætt um að annars staðar hafi þeir gert útivistarsvæði í kringum vindmyllugarða. Einnig yrði mögulega sett upp fjarskiptamastur á svæðinu sem myndi bæta símasamband þar sem það er mjög lélegt á Henglinum. Annar ávinningur gæti orðið fyrir þau og íbúa höfuðborgarsvæðisins ef útivistarsvæði yrði byggð upp í kjölfar virkjunar.

### 6.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS.

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að áhyggjur væru af því að vindorkuver myndi sjást frá Þingvöllum, einum helsta ferðamannastað landsins og að fyrirtækið yrði að fara í vinnu til að minnka sjónræn áhrif ef af áformum yrði. Þau vilja ekki að þetta sé það eina sem sést frá einum helsta ferðamannastað landsins. Þau voru á því að æskilegra væri að setja vindorkuver á svæði sem þegar væru röskuð og þar sem innviðir væru til staðar til að flytja orkuna.

Hagaðili hafði miklar áhyggjur af sjónrænum áhrifum. Með slíkri framkvæmd væri nánast meðvitað verið að trufla eina verðmætustu ferðamannaleið landsins, Gullna hringinn. Hann sagði þetta snúast um hvaða ásýnd maður vildi hafa á hálendi Íslands og að það væru ákveðin verðmæti falin í því að horfa á ósnortin víðerni. Mosfellsheiðin og Kjósarskarðið drægju að sér fjölda fólks sem nyti þess að horfa á víðáttuna þar sem sæi yfir að Heklu og Skjaldbreið og „nánast út um allt“. Með þessum framkvæmdum væri verið að breyta sjóndeildarhringnum og kollsteypa upplifun ferðamanna. Hann taldi eðlilegra að byggja þetta vindmyllugarða sem væru nánast í byggð, í umhverfi sem þegar væri raskað.

## 6.6 SÝNILEIKI

Sveitastjórnarfulltrúar hafa heyrt af áhyggjum af því að vindmyllurnar myndu sjást frá Þingvöllum. Einnig hafði borist athugasemd frá Svifflugfélagi Íslands sem hefur áhyggjur af því að vindorkuverið kæmi inn á öryggislandingsvæði þeirra.

Hagaðili sagði að þegar hann sá fyrstu skýrsluna um verkefnið fyrir nokkrum árum þá hefði það slegið hann að samkvæmt skýrslunni enduðu sjónrænu áhrifin við Þjóðgarðsmörkin eða þar sem sléttan byrjaði. Honum fannst að þarna væri verið að gera lítið úr sjónrænu áhrifunum því þetta myndi blasa við frá Hakinu og eiginlega öllum áningarstöðum á Þingvöllum.

Sveitarstjórnarfulltrúar töldu að sumarhúsaeigendur yrðu ekki hrifnir af því að fá blikkandi ljós frá vindmyllum en að á móti kæmi að nýr vegur myndi auðvelda samgöngur til sumarhúsabyggða. Þessi hópur hefði aðra hagsmuni en íbúar á svæðinu og gætu haft ólíka sýn. Þau vildu hafa útsýni. Þó var bent á að helsta frístundabyggð svæðisins væri langt frá virkjunarsvæðinu og virkjunin myndi ekki sjást mikið þaðan.

Hagaðili sagði að hluti svæðisins væri nýttur sem útivistarsvæði og hluti þess væri afréttur fyrir kindur og óvíst hvernig framkvæmdin myndi leggjast í bændur. Hann taldi ekki að ferðamenn myndu hætta að koma til Þingvalla en það þyrfti að taka verulega ígrundaðar ákvarðanir um hvar setja ætti vindmyllugarða niður: „Þetta snýst meira um hvaða ásýnd þykir okkur vænt um, snýst ekki um hvað við viljum að ferðamenn stari á en mér þætti miður að sjá þessi möstur á þessum stað...uppi á þessari heiði.

Mér finnst það vera að setja klessu ofan í Kjarvalsmálverkið“. Hann sagði að vindmyllurnar myndu sjást frá Hakinu og Þingvallabænum og alls staðar að: „Þetta eru engar 17. júní rellur hjá smábörnunum.“

## 7 MOSFELLSHEIÐARVIRKJUN II, ÖLFUSHREPPI

Fyrirtækið Zephyr Iceland áformar að byggja vindorkuver á Mosfellsheiði; Mosfellsheiðarvirkjun I í Grímsnes- og Grafningshreppi og Mosfellsheiðarvirkjun II í Sveitarfélaginu Ölfusi. Tölulegar upplýsingar um Mosfellsheiðarvirkjun II sem miðað er við í gögnum eru eftirfarandi:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (km <sup>2</sup> )	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
75	5-6	150-200	12-15	7-8	

Í skýrslu um tilhögun virkjunarkosts kemur fram að áætlað er að fyrsti áfangi Mosfellsheiðarvirkjunar II geti orðið á stærðarbilinu u.þ.b. 40-80 MW og að síðar verði virkjunin stækkuð þannig að afl hennar yrði u.þ.b. 75-100 MW. Mögulega yrðu samhliða reistar vindmyllur á aðlægu svæði á heiðinni innan hreppamarka Grímsnes- og Grafningshrepps. Fram kemur að afl vindmyllanna og stærð muni skýrast eftir því sem vindmælingum og öðrum rannsóknum á svæðinu miðar áfram. Þessar viðmiðanir geti því breyst (Zephyr Iceland, 2020).

Þar sem ekki var um augljósan hagaðila að ræða á svæði Mosfellsheiðarvirkjunar II var ákveðið að ræða við fulltrúa frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), en samtökin hafa einnig með atvinnuþróun landshlutans að gera, og fá þaðan sýn um þau áform sem eru fyrirhuguð á svæðinu.

### 7.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu mjög litla umræðu hafa farið fram í samfélaginu varðandi Mosfellsheiðarvirkjun II. Því væri umræðan ekki nógu þroskuð til að hægt væri að taka afstöðu enn sem komið er. Einn fulltrúinn sagðist telja að íbúar væru almennt mjög neikvæðir varðandi vindorkuver og sagðist varla hitta nokkurn mann sem myndi vilja vindorkuver, óháð staðsetningu. Fólk teldi þau lýti og að truflun væri af þeim.

Fulltrúi SASS sagði að áform um Búrfellslund væri það sem best hefði verið kynnt og mest rætt um. Verkefnið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og á Mosfellsheiði hefðu ekki verið mikið kynnt. Hann taldi því ekki að miklar deilur væru um Mosfellsheiðarvirkjun II enda væri þar nokkuð langt í næstu byggð. Spurningin væri hvað vindmyllur trufluðu fólk í mikilli fjarlægð og síðan þegar um væri að ræða þéttari byggð hver réttur nágrannasveitarfélaga væri. Ef vindorkuver er í landi sveitarfélags A getur þá sveitarfélag B sagt að það vilji ekki framkvæmdir þar sem þær séu á mörkum sveitarfélaganna? Á Mosfellsheiði er búið að leggja vegi um svæðið og ekki mikið mál að reisa þar möstur en þar sé mikil afþreying t.d. göngufólk, reiðmenn og snjósleðafólk og verið sé að leita í friðsældina. Framkvæmdir gætu því klofið fólk í tvo hópa, með og á móti.

Ekki hefur verið haldin kynning fyrir íbúa og sveitarstjórnarfulltrúi sagði að eins og er væri ekki grundvöllur fyrir að bera áformin undir íbúa því að þau mæti ekki orku- og auðlindastefnunni. Íbúar myndu mögulega veita áformunum brautargengi ef sýnt væri fram á að framkvæmdir yrðu til hagsbóta fyrir nærsamfélagið.

Fulltrúi SASS sagði að hugmyndir hefðu verið lagðar fram árið 2020 en að þær hefðu fengið ótrúlega litla umræðu. Hann hafði lítið heyrt um áformin og taldi ólíklegt að margir íbúa teldu sig vita mikið um málið.

## 7.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Fulltrúi SASS sagði að orkuskorts væri farið að gæta á Suðurlandi og því væri SASS hugleikið að beisla meiri orku með einhverjum hætti. Mest hefði verið rætt um vatnsorku og hita en vindorka yrði ekki heimiluð nema í sátt við fólk og náttúruna. Grunnstefnið í ályktun á nýafstöðnu þingi SASS var að nýting á orku skyldi vera til hagsbóta fyrir sveitarfélögin með einhverjum hætti. Sveitarfélögin væru orðin þreytt á að orkan fari öll í burtu til höfuðborgarsvæðisins og nýttist ekki á svæðinu. Hugmyndir væru um ýmsa nýsköpun á svæðinu sem ekki væri hægt að ráðast í vegna orkuskorts. Kosturinn við vindorkuver væri að fljótlegri væri að reisa vindmyllur en byggja vatnsvirkjun. Þó væri ekki sama hvernig staðið væri að vindorkuverum. Ekki mætti flytja inn gamalt drasl eins og gert var á sínum tíma í Þykkvabæ sem olli töluverðri hljóð- og ljósmengun og brann á endanum. Fulltrúi SASS sagði að ef virkjað yrði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að afraksturinn yrði eftir þar gætu mögulega 500 manns flutt inn á svæðið. Áform væru uppi um ýmsa uppbyggingu í Þjórsárdal, t.d. væri rætt um 26 hektara gróðurhús sem viljrði væri komið fyrir hjá sveitarfélaginu en ekki sé hægt að fara í slíkar framkvæmdir nema tryggja næga raforku.

Fulltrúi SASS sagði að sveitarfélögin á svæðinu væru upptekin af skiptingu auðlindarinnar, þetta mætti ekki vera eina atvinnustarfsemin sem ekki skilaði sér til samfélagsins. Hann taldi ekki að vindorkuver myndu skapa framtíðarstörf á svæðinu. Erfitt væri að taka afstöðu til virkjana þegar ekki væri vitað hverjar leikreglurnar væru.

Fulltrúi SASS talaði um að töluvert væri rætt um uppbyggingu á grænum iðngörðum en að ekki væri hægt að setja þá alls staðar. Þeir þyrftu að vera þar sem tengipunktur væru við háspennuvirki til að „taka orkuna niður“ og þar sem væru aðrar auðlindir sem sótt væri í svo sem heitt vatn.

## 7.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Í Ölfusi er búið að skilgreina auðlindastefnu, hvort sem um er að ræða vatn eða vind eða annað og engar framkvæmdir eru samþykktar nema þær samræmist stefnunni (Sveitarfélagið Ölfus, 2020). Þar er gerð krafa um að virkjunarframkvæmdir nýttist innan Ölfuss en ekki bara utan svæðisins og til þess eru margar leiðir. Það getur t.d. falist í því að það verði til störf, orka, göngustígar, vegslóðar, aukin tækifæri, aukið fjármagn og fleira. Þau sögðu sanngjarna og eðlilega kröfu að fjárfestar sem ætla að nýta auðlindir hafi eitthvað fram að færa fyrir samfélagið: „Við ætlum ekki að verða Indland fyrir Breta.“ Sveitarstjórnarfulltrúar sögðu að fjárfestar fögnuðu þessum skýru línunum og vildu vinna með þeim.

Þau hafa gert yfirvöldum ljóst að það þurfi að gera breytingar á fasteignalöggjöfinni þannig að greitt verði samkvæmt virði virkunarinnar en ekki eins og núna þar sem einungis eru greidd fasteignagjöld fyrir undirstöður og því fái sveitarfélagið „sömu fasteignagjöld fyrir mannvirki sem kostar 800 milljónir og beituskúr“. Í núverandi umhverfi myndu því litlar tekjur verða til af vindorkuveri ef engin störf verða til. Sveitarfélagið er ekki mótfallið framkvæmdum en hingað til hafi ekkert verið lagt á borðið sem myndi gera það að verkum að framkvæmdir yrði samþykkt.

Gert er ráð fyrir 6-9% vexti á svæðinu. Samkvæmt sveitarstjórnarfulltrúa hefur Ölfus verið það svæði sem hefur vaxið hraðast af sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Gert er ráð fyrir að 800 störf verði til í Þorlákshöfn á næstu fimm árum. Svæðið er hluti af stærra atvinnusvæði með Hveragerði og Árborg og á þessu svæði búa nú fleiri en á Akureyri.

Fulltrúi SASS sagði að verulegur samfélagslegur ávinningur hefði orðið á Suðurlandi vegna ferðaþjónustu. Búsetufrelsi væri meira en fyrir nokkrum árum og mun meiri þjónusta fánleg á svæðinu. Hann taldi framtíðina bjarta á svæðinu ef tækist að beisla orkuna. Fólk væri að flytja inn á svæðið og þarna væru búsetugæði sem sóst væri eftir.

#### 7.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Fjórir vindorkukostir eru til skoðunar á svæðinu. Sveitarstjórnarfulltrúar sögðust hvorki vera jákvæð né neikvæð, þau fylgdust með af yfirvegun. Mikil tækifæri eru á svæðinu og gert ráð fyrir miklum vexti. Því er mikilvægt að framleiða meiri orku.

#### 7.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Engin umræða átti sér stað um þetta viðfang beinlínis.

#### 7.6 SÝNILEIKI

Sveitarstjórnarfulltrúar töldu að Mosfellsheiðarvirkjun II myndi ekki valda mikilli truflun á svæðinu hún væri svo langt í burtu frá íbúum.

## 8 REYKJANESGARÐUR, GRINDAVÍKURBÆ OG REYKJANESBÆ

Fyrirtækið HS Orka áformar að byggja vindorkuver á Reykjanesi innan marka Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar. Um er að ræða tvær mögulegar staðsetningar eða virkjunarkosti. Annars vegar á svæði austur af Reykjanesvirkjun og í átt að Eldvörpum og hins vegar á svæði nálægt miðjum Reykjaneskaga u.þ.b. miðja vegu á milli Grindavíkur og Keflavíkur, kennt við Rauðamel og Stapafellsnámu (Ásbjörn Blöndal og Axel Viðarsson, 2022). Tölulegar upplýsingar sem miðað er við í gögnum HS Orku eru eftirfarandi:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (km <sup>2</sup> )	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
100	2-4	150	12-15	35 <sup>1</sup>	

Viðtölin vegna Reykjanesgarðs voru tekin 17. og 18. október og 1. og 2. nóvember 2023, þ.e. áður en jarðskjálftar og náttúruhamfarir í Svartsengi og Grindavík fóru af stað. Viðhorf gætu hafa breyst eftir þá atburði.

### 8.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Fulltrúar Reykjanesbæjar sögðu að vindorkuver á utanverðum Reykjaneskaga yrði umdeilt og það myndi sennilega ekki falla í kramið, það þyrfti að vera meira inni á Reykjaneskaganum. Það myndu verða skiptar skoðanir um þetta þarna eins og annars staðar. Þau sögðu að eftir reynsluna af framkvæmdum í Helguvík væri fólk vakandi varðandi umhverfismál og ekki þyrfti mikið til að fá upp sjónarmið sem væru á móti svona framkvæmdum. Því skipti miklu máli hvernig þær væru kynntar. Þeir töldu að íbúar væru meðvitaðir um aukna orkuþörf og tilbúnir í samtal um orkukosti sem ekki blöstu við úr þéttbýlinu.

Í viðtölum við fulltrúa Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar kom í ljós að hvorugt sveitarfélagið hafði fengið kynningu á áformum um Reykjanesgarð og hvorugt sveitarfélagið vissi hvaða staðsetningar á orkuveri var um að ræða. Ekki höfðu heldur farið fram kynningar meðal íbúa. HS Orka óskaði eftir því fyrir nokkrum árum við sveitarstjórn Reykjanesbæjar að setja upp prufumæli [fyrir vindmælingar] ef til þess kæmi og fékk það góðar undirtektir en síðan hafði ekkert heyrst um málið.

Fulltrúar Isavia sögðust ekki hafa fengið kynningu á áformunum og ekki vita til að Isavia hefði fengið neina kynningu þó fyrirtækið væri flokkað sem áhættuaðili.

Fulltrúar Bláa Lónsins sögðust vera að heyra um þessi áform í fyrsta skipti [frá faghópi 3] og að þau kæmu mjög flatt upp á þá. Þeir sögðu að það kæmi þeim spáskt fyrir sjónir að málið væri búið að vera í gangi í 2-3 ár án þess að HS Orka talaði við þá og að sveitarfélagið hefði ekki rætt þetta við þá heldur. Verið væri að tala um að setja virkjunarkost 2 nánast í túnfótinn hjá Bláa Lóninu. Þegar þeir rýndu í gögn sem þeir fengu frá faghópnum fannst þeim fyrir og eftir myndir, frá Bláa Lóninu, sem þar var að finna gefa villandi mynd af raunverulegum sjónrænum áhrifum. Almennt kom þó fram að Bláa Lónið sé almennt hlynnt framleiðslu og notkun á grænni orku á Íslandi en að mikilvægt sé að val á staðsetningu trúfli ekki aðra veigamikla starfsemi né einstakar náttúruperlur landsins.

<sup>1</sup> Allt rannsóknasvæðið.

## 8.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Sveitarstjórnarfulltrúar Reykjanesbæjar sögðu að gífurleg orkuþörf væri á svæðinu sem ætti enn eftir að aukast með orkuskiptunum. Mörg fyrirtæki hefðu áhuga á að koma á þetta svæði, meðal annars vegna nálægðar við flugvöllinn. Þau töluðu um að bæta þyrfti orkuflutninginn, ekki væri nóg að þarna væri einungis ein flutningslína og að það varðaði þjóðaröryggi. Þau voru jákvæð fyrir því að nýta vindinn betur sem orkugjafa en töldu að það þyrfti að skoða vel hvers konar vindmyllur ætti að setja upp. Í umhverfis- og skipulagsráði voru mismunandi kostir skoðaðir á síðasta kjörtímabili og þar var fólk jákvæðara fyrir lægri gerðum af vindmyllum.

Sveitarstjórnarfulltrúar Grindavíkur sögðu að valkostur 1 um vindmyllugarð væri beinlínis ofan í því sem þau hefðu verið að deiliskipuleggja sem framtíðarsvæði í atvinnuuppbyggingu Grindavíkur. Búið væri að funda um uppbyggingu á þessu svæði með innlendum og erlendum fyrirtækjum í mörg misseri.

Meðal annars væri búið að úthluta landi innan marka Reykjanesbæjar til Samherja fyrir 40.000 tonna fiskeldi. Þarna væri búið að skipuleggja iðnaðarsvæði vegna nálægðar við heita vatnið og innviðatengingar. Því kæmi þessi staðsetning á vindorkuveri mjög á óvart og myndi hafa mikil áhrif á framtíðaruppbyggingu bæði iðnaðarsvæðis og ferðamennsku á svæðinu. Sveitarfélagið væri jákvætt fyrir orkuuppbyggingu en ef setja ætti upp vindmyllugarða væri betra að staðsetja þá lengra inni á Reykjanesinu þar sem einungis væru sandar og hraun og fáir færu um og sjónmengun væri nánast engin. Skoða ætti svæðið fjarri hringveginum um Reykjanes.

Fulltrúar frá Isavia sögðu að nauðsynlegt yrði að framleiða meiri orku vegna orkuskipta í flugi. Áætlað er að farþegum muni fjölga úr 8 milljónum 2023 í 15 milljónir 2045. Frá 2030 verður gerð krafa um íblöndun með rafeldsneyti. Áætlað hefur verið að ef framleiða eigi rafeldsneyti hér muni þurfa orku frá því sem nemur fjórum Svartsengisvirkjunum árið 2040 og allt að 15-16 fyrir 2050. Þangað til yrði að nota lífeldsneyti. Eins og reglugerðirnar eru að þróast núna verður ekki val um áframhaldandi notkun á flugvélaeldsneyti. Það væru tækifæri í framleiðslu á vetni þar sem rafmagn og vatn byggju til vetni en til að framleiða rafeldsneyti þyrfti að flytja inn kol. Óvissan liggir í framtíðarhönnun flugvéla.

## 8.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Fulltrúar Reykjanesbæjar sögðu að þau þyrftu að fá betri kynningu á þessum áformum til að geta myndað sér skoðun á málinu. Sveitarfélagið er í samtökum orkufélaga og bíður eftir niðurstöðu í þeirri vinnu sem þar fari fram þar sem sveitarfélög hafi ekki haft miklar tekjur af virkjanamannvirkjum. Því sé ekki tímabært að segja af eða á hvað vindorkuver varðar.

Fulltrúar Grindavíkur sögðust hafa fylgst ágætlega með umræðu í öðrum sveitarfélögum og að ekki sé að sjá að sveitarfélög muni hafa mikið út úr vindorkuverum. Þau segjast sjá ákveðna ókosti við vindmyllur en að kostirnir blasi ekki við. Þau sögðust ekki endilega vera á móti vindorkuverum, mikil þörf sé á meiri orkuframleiðslu en að það þurfi að vanda til verka þegar ákveðið er hvar eigi að setja þau niður. Það þurfi að fylgja þeirri stefnu að eitthvað verði eftir í sveitarfélögunum þar sem virkjanir eru settar niður. Það séu ekki bara peningasjónarmið heldur sanngirnismál.

## 8.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Fulltrúar Isavia sögðu að svæði 1 væri alveg undir aðalflugbrautinni og það þyrfti að ganga úr skugga um að vindmyllur myndu ekki valda ókyrrðaráhrifum. Einnig þyrfti að skoða lýsingu frá vindmyllunum og hæð þeirra. Þeir spurðu hvort Samgöngustofa hefði gefið sitt álit þar sem Samgöngustofa væri yfirleitt umsagnaraðili í málum sem gætu varðað flugöryggi.

Þeir töldu einnig að vindmyllur gætu haft áhrif á upplifun ferðamanna ef þær væru það fyrsta og síðasta sem þeir sæju þegar þeir kæmu til landsins. Þó væri það ekki víst og það mætti benda ferðamönnum á að þarna yrði til orka. Þeir töldu ekki að vindmyllur myndu trufla upplifun þeirra sem dveldu á flugvallarhótelum við Keflavíkurflugvöll, þeir kæmu ekki í leit að besta útsýninu og næðinu.

Fulltrúar Bláa Lónsins bentu á að kostur 2 væri inni á vatnsverndarsvæði Reykjaness og það þyrfti að skoða út frá því hvort þetta væri raunhæf staðsetning þar sem vindmyllurnar innihéldu gírolíu og glussaolíu og fleira.

## 8.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Fulltrúar Reykjanesbæjar töluðu um að Reykjanesskaginn væri að stórum hluta vottaður af UNESCO sem jarðvangur vegna þess að þetta er eini staðurinn í heiminum þar sem plötuskilin koma á land. Þau sögðust ekki vita hvort vindorkuver myndu hafa áhrif á jarðvanginn. Því var velt upp hvort ástæða væri til að gera tilraunir um nýtingu sjávarfalla þar sem mikil straumskipti væru á þessu svæði.

Fulltrúar Grindavíkur töldu að heppilegra yrði að hafa vindorkuver nálægt þeim orkugörðum sem fyrir eru. Möguleg staðsetning gæti verið á svæðinu við Stapafell, þar sem verið er að taka jarðveg. Annar kostur væri í nágrenni við fyrirhugaða fiskeldisstöð. Þar væri vegur langt inn í hraun og stórt landssvæði í dæld þar sem vindorkuver sæist síður frá veginum en á svæði 1. Þeir töldu að kostur 1 færi ekki vel saman við uppbyggingu Reykjaness sem jarðvangs UNESCO. Þarna væru fjölsóttir ferðamannastaðir eins og Brimklettur og Gunnhver þar sem búið væri að verja tugum milljóna í að byggja upp aðstöðu. Einnig myndi virkjunin blasa við frá Reykjanesvita. Það kæmi mjög á óvart að sjá hugmyndir um að setja vindorkugarð á þetta svæði. Fulltrúar frá Bláa Lóninu tóku undir að mikil áhersla hefði verið lögð á að styrkja innviði á Reykjanesinu til að ferðamenn gætu notið náttúrufrýrbrigða og töldu þessi áform stangast á við það.

Mikil áhersla hefur verið á uppbyggingu svæðisins sem ferðamannasvæðis og töldu fulltrúar Reykjanesbæjar að áform um staðsetningu Reykjanesgarðar á stað 1 færu alls ekki saman við þá stefnu. Vindmyllur sem væru 150 metrar að hæð með blað í efstu stöðu myndu sjást alls staðar að. Þarna væri vinsælt útivistarsvæði.

Fulltrúar Bláa Lónsins töldu áform um vindorkuver á svæði tvö fráleit. Þarna væri eitt glæsilegasta hótél landsins og sjónræn áhrif yrðu skelfilega mikil og einnig myndi verða mikil hávaðamengun frá stórum túrbínum þessara risamannvirkja.

## 8.6 SÝNILEIKI

Fulltrúar Reykjanesbæjar höfðu áhyggjur af sjónrænum áhrifum af vindorkuveri á utanverðu Reykjanesi og töldu að sjónmengun yrði meiri af vindmyllum því nær miðju Reykjanesskaga sem þær væru. Mikil uppbygging hefur farið fram á ferðamannastöðum á þessu svæði og þarna er vinsælt útivistarsvæði og áform um frekari uppbyggingu úti við Reykjanesvita, m.a. væri verið að byggja upp kaffihús og miðstöð fyrir ferðamenn. Þau töldu að vindmyllur á þessum stað myndu skemma upplifun ferðamanna og þeirra sem nytu útivistar. Einnig töluðu þau um að tillit þyrfti að taka til flugvallarins og mögulegum áhrifum vindorkuvera á hann þar sem vindmyllurnar yrðu beint í stefnu norður-suður brautarinnar. Fulltrúar Grindavíkurbæjar voru sammála þessum sjónarmiðum.

Bæði sveitarfélögin töldu æskilegra að byggja vindorkugarð lengra inni á nesinu en það skal tekið fram að viðtölin voru tekin áður en jarðhræringarnar hófust í nóvember.

Fulltrúi frá Isavia taldi að byggja ætti færri og stærri vindorkugarða á Íslandi, velja ákveðin svæði [af stjórnvöldum] og byggja þar. Hvað varðar vindorkukost 1 á Reykjanesi höfðu þeir meiri áhyggjur af því að ljósín af vindmyllugarði gæti ógnað öryggi flugs heldur sjónmengun.

## 9 SÓLHEIMAR, LAXÁRDAL, DALABYGGÐ

Framkvæmdasvæði Sólheimavirkjunar er í landi jarðarinnar Sólheima efst í Laxárdal. Helstu tölulegar upplýsingar eru eftirfarandi:

Uppsett afl (MW)	Stærð mylla (MW)	Mesta hæð (m)	Fjöldi mylla	Stærð svæðis (km <sup>2</sup> )	Raskað svæði (km <sup>2</sup> )
209	6,2	200	29	32	

Gert er ráð fyrir að uppbygging virkjunarinnar fari fram í tveimur áföngum, 80 MW og 129 MW. Framkvæmdasvæðið er nýtt sem beutiland í dag. Glerárskógalína Landsnets sem er 132 kV liggur í grennd svæðisins sem gerir tengingu við orkukerfið aðgengilega og vegurinn um Laxárdalsheiði liggur milli áfanga 1 og 2 (Qair, 2022; Quadran, 2019). Framkvæmdaaðili er Qair (áður Quadran). Vindmyllur yrðu af gerðinni VESTAS V162.

### 9.1 SAMHELDNI SAMFÉLAGS

Sveitarstjórnarmaður talaði um að æskilegt væri að það yrði sett landstefna um vindorkuver: „Svona stórar framkvæmdir geta klofið samfélög í herðar niður, með og á móti, betra að hafa heildarstefnu þó að við höfum eitthvað um það að segja“.

Þessi orkukostur hefur verið minna ræddur en annar kostur í sveitinni [Hróðnýjarstaðir] sem um hafa verið mjög sterkar skoðanir með og á móti. Sú umræða er viðkvæmari á allan hátt þar sem sýnileiki þar er meiri frá þjóðvegi og bæjum í kring, allt önnur sviðsmynd en Sólheimar. Því þarf að stíga varlega til jarðar í allri umræðu og ákvarðanatöku hvað þetta varðar. Þau töldu að þeir sem búa á svæðinu séu jákvæðari en þeir sem eru brottfluttir eða dvelja þarna tímabundið á sumrin. Hagaðili sem rætt var við sagðist telja að fólk væri almennt jákvætt fyrir þessum áformum og talaði einnig um það væru helst þeir sem fluttir eru burt sem væru neikvæðir.

Talað var um að þeir sem háværastir séu í mótmælum séu fólk sem á rætur á svæðinu en býr ekki þar að staðaldri en á kannski sumarhús sem það dvelur í á sumrin: „Þarf alltaf að vera veröldin sem var, það má engu breyta, við hin eigum bara að aðlaga okkur að því og það mega ekki koma nein ný atvinnutækifæri inn á svæðið“.

Fulltrúi sveitarstjórnar sagðist telja að þetta myndi velkjast um í kerfinu svo lengi að þegar ákvörðun yrði tekin yrði búið að sameina sveitarfélög og hann löngu hættur. Hagaðili sem rætt var við talaði einnig um að allt tæki þetta svo langan tíma og það væru svo margir „hnútar“ að hann væri efinns um að eitthvað gerðist á meðan hann lifði.

Fulltrúar sveitarstjórnar könnuðust við áform um virkjun í Garpsdal til samanburðar og sögðu að forsvarsmenn þess verkefnis hefðu farið um og kynnti áformin. Nágrannar hafi verið heimsóttir og talað við þá. Þeir hafi verið með svör við öllu strax, búið var að hugsa allt alla leið, hvar jarðstrengurinn ætti að koma o.s.frv. Þessi vinnubrögð hafi verið til fyrirmyndar.

Hagaðili sagði að mikilvægt væri að fá betri kynningu á vindvirkjunaráformum, bæði því jákvæða og neikvæða. Einn fundur hefði verið haldinn sem viðkomandi komst ekki á en að ekki hafði farið fram kynning að öðru leyti og að það þyrfti að ræða meira við heimafólk. Viðkomandi sagðist mest hafa heyrt um áformin í tengslum við áform á Hróðnýjarstöðum og frá brottfluttum eða fólki sem hefur keypt jarðir en býr ekki á svæðinu. Það væri sá hópur sem helst væri talað við og heyrðist mest í. Ekki

væri sanngjarnt að þessi hópur „héldi þeim í heljargreipum“ og kæmi í veg fyrir framkvæmdir sem gætu skilað einhverjum tekjum til íbúa.

## 9.2 ORKUÖRYGGI OG JAFNT AÐGENGI AÐ ORKU

Sveitastjórnarfulltrúi talaði um að það væru væntingar til framtíðar um að meiri orkuframleiðsla í héraði þýddi að þar væri hægt að fara í meiri orkufrekan iðnað en hvað varðaði virkjunaráhrif í Sólheimum væri hins vegar ekki reiknað með að orkan yrði nýtt á svæðinu.

## 9.3 ÁVINNINGUR NÆRSAMFÉLAGS (EFNAHAGSLEGUR)

Landið, þar sem fyrirhugað er að reisa vindmyllurnar, er allt í einkaeigu. Viðmælandi í sveitarstjórn sagðist hafa sterkar taugar til svæðisins en að landeigendur hefðu frjálssar hendur um afnot landsins og að í grunninn væri hann hlynntur allri skynsamlegri orkunýtingu, hver sem hún væri. Annar fulltrúi sagðist vera búinn að fylgjast lengi með umræðunni og snúast í marga hringi. Viðkomandi taldi að efnahagsleg áhrif yrðu gríðarleg á framkvæmdartímanum en alls óvíst hversu mörg heilsársstörf yrðu eftir að virkjunin væri risin og að mögulega yrðu þau staðsett erlendis. Þá stæðu eftir fasteignagjöld af mannvirkjunum en að ekki væri ljóst hversu há þau yrðu. Hann taldi að ekki ætti að gefa orkumannvirkjum neinn afslátt. Þetta væru gríðarlega há mannvirki og það þyrfti að skýra leikreglurnar þannig að ljóst verði hvað sitji eftir. Hér hefði samtalið ekki átt sér stað og það væri óásættanlegt að þarna kæmu 20 háar vindmyllur og sveitarfélagið fengi einungis fasteignagjöld fyrir stöplana. Á meðan að forsendurnar vantaði væri þetta ekki forgangsmál hjá sveitarfélaginu en um leið og leikreglurnar kæmu myndu þau vinna málið hratt og vel.

Sveitarstjórnarfulltrúi talaði um að ætlast væri til að stórfyrirtæki létu sig samfélagið varða og létu eitthvað af hendi til samfélagsins. Vindorkuver gæti skapað tækifæri fyrir samfélagið. Á svæðinu væri engin stóriðja eða aðrir fjársterkir aðilar sem styrkja æskulýðsstarf eða slíkt og viðkomandi myndi líta það jákvæðum augum ef vindorkuver gæti komið með slíkan stuðning.

Hagaðili sagði að ef framkvæmdin skapaði störf og fjármuni til sveitarfélagsins myndi það skipta máli. Ekkert íþróttahús væri á Búðardal og foreldrar þyrftu að keyra börn sín langar leiðir í allar tómsundur en að honum hefði skilist að það verði allt of lítið eftir í heimabyggð.

Aðspurður um áhrif á sportveiðar á svæðinu taldi viðkomandi að vindmyllur skiptu ekki meira máli en rafmagnslínur en að betri kynningu þyrfti á áformunum til að glöggva sig á því. Í viðtali við aðila sem tengjast veiðifélagi Laxár í Dölum (árið 2021) komu hins vegar fram áhyggjur af áhrifum vindmylla á fiskinn í ánni þar sem ekki væri vitað hvaða áhrif vindmyllur gætu haft á hann. Tekjur af laxveiðiánni eru mikilvægar fyrir þá landeigendur sem eiga land að ánni og viðmælandi í fyrri skýrslu taldi að virkjunin gæti truflað veiðimenn í ánni (Hjalte Jóhannesson o.fl., 2021).

Hagaðili sagði að allir íbúar svæðisins hefðu vinnu en að það væru allt lágláunastörf og það vantaði húsnæði og þjónustu á svæðinu.

Enginn rekur ferðapjónustu í næsta nágrenni Sólheima. Sveitarstjórnarfolk taldi að þetta verkefni ætti ekki að trufla veiði eða ferðamennsku vegna staðsetningar vindmyllnanna. Þau sögðu að fólk hafi mestar áhyggjur af mögulegum áhrifum á fuglalíf, þarna væri t.d. eitt stærsta varpsvæði himbrima á Íslandi.

Virkjunin er áformuð á beitarlandi. Hagsmunaaðili sem talað var við sagði að fé gangi þarna upp framan úr dal og norðan úr Hrutafirði en miðað við upplýsingar sem þau hafa fengið um fyrirhugaðar framkvæmdir á Sólheimum ætti þetta ekki að hafa slæm áhrif á þá nýtingu.

## 9.4 INNVIÐAUPPBYGGING

Sveitarstjórnarfulltrúi benti á að uppbyggingunni myndi fylgja aukin vegagerð sem myndi auðvelda bændum á svæðinu að komast um og smala. Vísað var í að vegagerðin í tengslum við Kárahnjúkavirkjun hefði aukið aðgengi ferðamanna að náttúruperlum á því svæði.

Sveitarstjórnarfulltrúi talaði um óánægjuraddir í Borgarfirði vegna legu nýrrar línu. Það þyrfti að nýta aukna orkuframleiðslu á svæðinu í héraði en að þeir sem hefðu mestan áhuga á vindorkuveri stefndu á að fara með orkuna burt. Það þyrfti að skoða þessi mál í samhengi. Viðkomandi talaði um að ekkert viðhald hafi verið á rafmagnslínum [í dreifikerfinu] í langan tíma og því séu rafmagnsstaurar orðnir mjög lélegir. Allir hefðu áhyggjur af rafmagnsskort og það hamlaði frekari uppbyggingu á svæðinu. Hugmyndir hefðu t.d. verið um að setja upp gagnaver á svæðinu en það væri ekki hægt vegna rafmagnsskorts. Ýmislegt væri hægt að gera ef sveitarfélagið hefði meira rafmagn og tekjur, þau vantaði t.d. sundlaug, íþróttahús og matvöruverslun. Þau töldu betra að tvö til þrjú vindmylluverkefni væru nálægt hvert öðru þannig að alltaf sé framleiðsla inn á kerfið og að þá skapist mögulega forsendur fyrir viðhaldslager á svæðinu. Þetta er sama atvinnusvæði og Reykhólasveitin.

Hagaðili sagði að svo lengi sem þetta hamlaði ekki búskap væri jákvætt að peningar kæmu til sveitarfélagsins. Viðkomandi hafði væntingar um að verkefnið myndi skila betra vegakerfi á svæðið og gæti leitt til aukinna tækifæra fyrir ungt fólk sem vildi búa á svæðinu og starfa við landbúnað. Viðkomandi hafði áhyggjur af framtíð sauðfjárbúskapar á svæðinu þar sem bændur væru farnir að eldast og ekki væru nægar tekjur af sauðfjárbúskap til að starfa við hann eingöngu. Viðkomandi tók dæmi um ungt fólk sem hefði tekið við sauðfjábúi en gefist upp og sagði að eitthvað nýtt vantaði á svæðið. Svona framkvæmdir gætu kannski bjargað sveitinni.

## 9.5 TÆKIFÆRI VEGNA VERNDUNAR SVÆÐIS

Engin umræða átti sér stað um þetta viðfang beinlínis.

## 9.6 SÝNILEIKI

Viðmælandi í sveitarstjórn sagðist ekki hafa miklar áhyggjur af sýnileika og taldi sýnileika ekki vera mestu fórnina hvað varðaði vindmyllur á þessum stað, vindmyllur væru á hverju strái í Evrópu en sagði að þetta væri persónubundið.

Talað var um að þó þyrfti að stíga varlega til jarðar hvað varðaði vindorkuver, það þurfi að skýra hvar þau verða staðsett og „ekki dreifa þeim hist og her“. Það þurfi að afmarka á hvaða svæðum þau verði og ekki að setja þau á útsýnisperlur.

Sveitarstjórnarfulltrúar töluðu um að einhver umræða hefði skapast þegar skipulagið stóð yfir en að gagnrýnisraddir hafi minnkað eftir kynninguna. Sýnileiki verður alltaf meiri í Húnaþingi en í Dalabyggð, virkjunin mun sjást vel þegar maður keyrir inn Hrutafjörðinn en ekki víst að við sjáum þetta þegar við keyrum inn í Búðardal að sunnan.

Hagsmunaaðili sem talað var við hafði ekki miklar áhyggjur af áhrifum á umhverfið og sagðist telja að of mikið væri gert úr mögulegum áhrifum á fugla og mosa, að rannsóknir gengju oft út í öfgar og væru „peningaplokk“. Viðkomandi sagðist hafa meiri áhyggjur af afleiðingum trjáræktar á svæðinu, þar sem trjám er plantað á leið fjár á afrétt.

## 10 UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR

---

Hér verða dregin saman helstu atriði sem komu fram í viðtölum og dæmi um viðhorf og álitamál til vindorkunýtingar í þeim níu sveitarfélögum sem þessar áformuðu vindvirkjanir eru staðsettar.

### 10.1 ALVIÐRA

Viðhorf hafa breyst frá því að faghópur 3 kannaði þau árið 2021 þannig að meiri efasemdir eru um framkvæmdina núna. Sveitarstjórn hefur fyrirvara um að verkefnið skili nægum tekjum í sveitarsjóð og til nærsamfélagsins almennt. Beðið sé eftir að nýjar leikreglur komi frá löggjafanum um fjárhagslegan ávinning nærsamfélagsins. Óvissa er um viðhorf í næsta nágreppi við framkvæmdina sem sumum viðmælendum fannst áberandi.

### 10.2 GARPSDALUR

Af þeim virkjanaframkvæmdum sem skoðaðar voru má segja að viðmælendur hafi verið jákvæðastir hvað varðar áform um vindorkuver í Garpsdal. Virtist það helgast af miklum orkuskorti á Vestfjörðum og nauðsyn þess að bregðast við þeim skorti til að stuðla að viðhaldi byggðar og frekari uppbyggingu á svæðinu. Kynning og samráð vegna verkefnisins þykja hafa tekist vel og það hefur leitt til jákvæðari viðtaka í samfélaginu en í tilviki annarra verkefna sem hafa verið til skoðunar í þessari rannsókn.

### 10.3 HNOTASTEINN

Mjög mismunandi sjónarmið komu fram um þessa virkjun. Meðal sveitarstjórnarmanna voru skiptar skoðanir. Bæði voru fulltrúar fylgjandi verkefninu, það gæti skapað atvinnu- og tekjutækifæri í sveitarfélaginu og á nærsvæði virkjunarinnar. Einnig heyrðust raddir með mikilli andstöðu gagnvart verkefninu sem myndi verða afar áberandi, breyta svæðinu á neikvæðan hátt og ekki skila miklum efnahagslegum ávinningi. Orkan myndi flæða út af svæðinu og inn á landsnetið. Hagaðili sem rætt var við taldi virkjunina spilla ásýnd afar mikið og eyðileggja tækifæri í ferðaþjónustu og útivist. Ekki væri þess að vænta að það myndi skilja eftir tekjur eða störf á svæðinu. Verkefnið hafi þegar skapað miklar deilur á svæðinu og valdið klofningi í samfélaginu.

### 10.4 HRÚTMÚLAVIRKJUN

Segja má að töluverð andstaða hafi verið gangvart áformum um vindorkuver við Hrótmúlavirkjun og tengdist það að stóru leyti því að ekki hafði farið fram kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum né rætt við fólk í næsta nágreppi við fyrirhugað vindorkuver. Talað var um að þetta ylli áhyggjum og óvissu í samfélaginu og fólki liði eins og að það þyrfti að verja sig gagnvart framkvæmdum sem það vissi ekki hverjar ættu að vera. Fólk hafði áhyggjur af ásýnd svæðisins þar sem færi fram mikil uppbygging í ferðamennsku og hljóðvist og að verðfall yrði á eignum í kringum svæðið. Hjá sveitarstjórnarfulltrúum kom fram að ekki væri ásættanlegt hvernig afgangi af virkjunum til nærsamfélags væri háttað, það þurfi að hækka. Einnig var óskað eftir skýrari og almennum leikreglum frá stjórnvöldum um hvar á landinu kemur til greina að byggja vindorkuver og hvar ekki.

### 10.5 MOSFELLSHEIÐARVIRKJUN I

Þessi virkjunaráform hafa ekki mikið verið kynnt og íbúar eru þar af leiðandi ekki líklegir til að vita mikið um þau. Sveitarfélagið heldur að sér höndum um virkjanir innan sinna marka þar til skýrist með breyttar leikreglur um afgang af virkjunum til nærsamfélags sem sveitarstjórnin telur afar mikilvægt að Alþingi breyti. Staðsetningin er á jaðri Grímsnes og Grafningshrepps. Virkjunarkosturinn er hins vegar nálægt

Þjóðgarðinum á Þingvöllum og var þess vegna af hagaðila þaðan talinn breyta ásýnd þessa svæðis á mjög neikvæðan hátt og yrði einhvers konar „klessa í Kjarvalsmálverkið“. Virkjunin myndi skaða ímynd og hagsmuni þjóðgarðsins og þess sem hann stendur fyrir í huga fólks.

## 10.6 MOSFELLSHEIÐARVIKJUN II

Svipað gildir um þennan virkjunarkost og Mosfellsheiðarvirkjun I að hann er lítið þekktur meðal íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss. Sveitarstjórnarfulltrúi taldi íbúa þó almennt neikvæða gagnvart vindorkuverum. Staðsetningin er einnig á jaðri sveitarfélagsins. Sveitarfélagið heldur að sér höndum varðandi virkjanir innan sinna marka þar til skýrist með breyttar leikreglur um afgjald af virkjunum til nærsamfélags sem sveitarstjórnin telur afar mikilvægt að Alþingi breyti. Sveitarfélagið er með orku- og auðlindastefnu og mun ekki heimila virkjanir innan sinna marka nema sveitarfélagið fá þann ávinning af orkuvinnslunni sem það telur ásættanlegan.

## 10.7 REYKJANESGARÐUR

Þegar rætt var við fulltrúa Reykjanesbæjar og Grindavíkur komu áform um vindorkuver á Reykjanesi þeim á óvart því ekkert hafði verið rætt við sveitarstjórnirnar og engin kynning haldin fyrir íbúa. Hagaðilar voru sammála um að það væri ámælisvert að unnið hefði verið að áformum um Reykjanesgarð án þess að rætt væri við fulltrúa vinsælasta ferðamannastaðar á landinu og alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Miklir hagsmunir væru í húfi og einkennilegt að ekki hefði verið byrjað á að tala við hagaðila.

Grindavíkur- og Reykjanesbær voru sammála um að hugmyndir um staðsetningu 1 væru í andstöðu við þá uppbyggingu sem hefði átt sér stað á því svæði fyrir ferðamenn og að vindmyllugarður myndi skemma fyrir upplifun af stöðum eins og Reykjanesvita, Gunnhver og Brimkatli.

Fulltrúar sveitarfélaga og hagaðila höfðu áhyggjur af flugöryggi hvað varðar lýsingu frá vindmyllum og bent var á að staðsetning 2 væri á vatnsverndarsvæði og nálægt Bláa Lóninu sem væri óásættanlegt.

## 10.8 SÓLHEIMAR

Samkvæmt viðtölum við fulltrúa sveitarstjórnar sjá heimamenn ákveðin tækifæri við þetta vindorkuver hvað varðar störf og orku inn á svæðið. Tekjur séu lágar og framboð starfa ekki fjölbreytt. Tilkoma virkjunarinnar muni ekki trufla hefðbundinn búskap á svæðinu eða að ásýndarbreyting verði óásættanleg. Vindorkukosturinn virðist ekki mikið verið kynntur fyrir á svæðinu en viðmælendur könnuðust við áformin í stórum dráttum og töldu að æskilegt væri að hafa meira samráð. Það virðast vera mjög mismunandi viðhorf til framkvæmda sem þessara meðal fólks búsettu á svæðinu sem sé almennt frekar hlynnt eða hlutlaust meðan fólk sem á sér annað afdrep á svæðinu eða er ættað þaðan berst á móti svona framkvæmdum.

## 11 SAMANTEKT

---

Skýrslan byggir á niðurstöðum 18 hópviðtala sem tekin voru á vegum faghóps 3 í 5. áfanga rammaáætlunar við 37 viðmælendur í níu sveitarfélögum í október og nóvember 2023. Viðmælendur voru annars vegar sveitarstjórnarmenn í meiri- og minnihluta og framkvæmdastjórar sveitarfélaga og hins vegar mismunandi hagsmunaaðilar í viðkomandi sveitarfélögum. Stuðst var við viðtalsramma sem á sér grunn í leiðbeiningum International Association of Impact Assessment um mat á samfélagsáhrifum.

Það er sammerkt með flestum vindorkuverunum sem hér eru til skoðunar að þau þykja hafa verið illa kynnt meðal íbúa, hagsmunaaðila og jafnvel sveitarstjórna á viðkomandi svæðum. Af þessum sökum áttu margir sem rætt var við erfitt með að móta sér afstöðu til þeirra. Einnig kom fram óánægja og jafnvel andstaða vegna þess hve samráð var lítið og að óvænt væri komin fram tillaga að virkjun sem í einhverjum tilvikum yrði staðsett afar nálægt heimili eða starfsemi viðkomandi viðmælanda.

Það kom glögglega fram að það skiptir miklu máli hvað varðar afstöðu til vindmylluáforma hvernig framkvæmdaraðilar höfðu staðið að kynningu. Í Reykhólahreppi höfðu t.d. framkvæmdaraðilar strax í upphafi heimsótt fólk og kynnt þeim áform sín, haldið íbúafundi og fulltrúi þeirra á Íslandi var tiltækur til að svara spurningum. Þetta var til þess fallið að skapa traust á framkvæmdaraðilanum. Í flestum tilfellum var þessu þveröfugt farið og það kom á óvart hversu margir af þeim sem talað var við voru að heyra um virkjunaráform, jafnvel í næsta nágrenni, í fyrsta skipti þegar rannsakandi fyrir hönd faghóps 3 hafði samband til að óska eftir viðtali. Þetta þótti mörgum viðmælendum bera vott um skort á virðingu við íbúa svæðanna og það var greinilegt að þessi skortur á samráði gat vakið upp tortryggni gangvart áformum framkvæmdaraðila. Margir viðmælendur höfðu orð á að þeim þætti óeðlilegt hversu langt þessi áform væru komin án þess að rætt hefði verið við heimamenn og að bæta þyrfti verkferla í umsóknarferli og rammaáætlun.

Endurtekið stef viðtala við sveitarstjórnarfólk er að sveitarfélögin séu að bíða eftir niðurstöðum frá stjórnvöldum um það hvernig gjaldtöku af virkjunum verði háttáð þannig að hægt sé að taka ákvarðanir út frá því hverjar tekjur þeirra yrðu af vindorkuverum. Margir létu í ljós þá skoðun sína að miðað við núverandi regluverk teldu þeir tekjur sveitarfélaganna af vindorkuverum verða óverulegar og réttlættu ekki það jarðrask og þær breytingar sem yrðu á ásynd, mögulega mengun og aðra ókosti sem gætu fylgt slíkum framkvæmdum. Þannig kom fram í mörgum viðtölum að sveitarfélög héldu að sér höndum þar til leikreglur færu að skýrast. Vísað var til þess sem fyrirmyndar hvernig gjaldtöku er háttáð s.s. í Noregi og Danmörku.

Dæmi voru um sveitarfélög eins og Reykhólahrepp þar sem sveitarstjórnarmenn sögðust vera á svæði sem stæði það illa varðandi skort á raforku að ekki væri hægt að bíða eftir úrbótum á þessu sviði þrátt fyrir óvissu um tekjur. Þá væri tekið jákvætt í framkvæmdir sem auka umsvif í sveitarfélaginu og skapa tækifæri. Einnig mátti sjá fremur jákvæð viðhorf í nágrennasveitarfélaginu Dalabyggð þar sem tekjur eru lágar og sveitarfélagið munar um aukin umsvif í sveitarfélaginu og allar viðbótartekjur til að standa undir þjónustu við íbúana.

Fram kom meðal margra sveitarstjórnarmanna að æskilegt væri ef stjórnvöld myndu flokka landið í svæði eftir því hvar kemur yfir höfuð til greina að byggja vindorkuver þannig að sveitarfélög þurfi ekki að standa frammi fyrir því að fram sé komin hugmynd að vindorkuveri innan marka þeirra á staðsetningu sem að margra mati þyki vafasöm af mismunandi ástæðum. Horfa mætti til þess hvernig Skotar flokka land með tilliti til vindorkunýtingar. Ígrunda þurfi vel staðsetningu vindorkuvera. Til dæmis kom fram það viðhorf að þar sem fyrirhuguð staðsetning Mosfellsheiðarvirkjana I og II myndi sjást vel frá Þingvöllum sem væri einn helgasti staður landsins í hugum Íslendinga og einn vinsælasti

ferðamannastaður landsins hefði strax átt að slá slíkar hugmyndir út af borðinu. Þær ættu ekki einu sinni að vera til umræðu. Það að ekki væri til slíkur rammi frá stjórnvöldum yrði til þess að sóa tíma allra þeirra sem ynnu við að skoða þessi mál.

Af þeim sveitarfélögum sem rætt var við skar Ölfus sig úr að því leyti að þar hefur verið gerð orku- og auðlindastefna sem kveður á um að framkvæmdir séu ekki samþykktar nema að skýrt sé að hverju þær muni skila til samfélagsins.

## HEIMILDIR

---

Ásbjörn Blöndal og Axel Viðarsson. (2022). *Rammaáætlun áfangi 4&5 - Vindorka*. HS Orka.

EM orka. (e.d.). *Vindorkugarður í Garpsdal*. EM Orka. Sótt 3. janúar 2019, af <https://www.emorka.is/verkefnd>

EM orka og Mannvit. (2019). *Allt að 130 MW vindorkugarður í Garpsdal Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun*. (bls. 38). Mannvit. <http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1407/201902056-Vindorka%20Garpsdalur.pdf>

Gunnbjörn ehf. og Wpd think energy. (e.d.). *Hrútmúlavirkjun. Tilhögun virkjunarkosts R4304A*. Gunnbjörn ehf.

Haukur Hólm. (2023, 6. október). *Nýjar vindmyllur farnar að snúast í Þykkvabæ - RÚV.is*. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-06-nyjar-vindmyllur-farnar-ad-snuast-i-thykkvabae-393132/>

Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir, og Sjöfn Vilhelmsdóttir. (2021). *Fimm vindvirkjanir í 4. áfanga rammaáætlunar. Samantekt viðtala í nærsamfélagi um samfélagsleg áhrif Höfundar Hjalti Jóhannesson Jón Ásgeir Kalmansson Magnfríður Júlíusdóttir Rannveig Gústafsdóttir Sjöfn Vilhelmsdóttir*. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Landsvirkjun. (e.d.). *Hafid*. Landsvirkjun Landsvirkjun National Power Company of Iceland. Sótt 17. ágúst 2018, af <https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/hafid>

Qair. (2022). *Qair. Energy Development Presentation*. Qair.

Quadran. (2019, desember). *Sólheimar Windfarm R4318A*. [https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4318A-Solheimar-Quadran\\_Iceland\\_Development.pdf](https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4318A-Solheimar-Quadran_Iceland_Development.pdf)

Sveitarfélagið Ölfus. (2020, 3. apríl). *Orku- og auðlindastefna Sveitarfélagsins Ölfuss*. Ölfus, hamingjan er hér. <https://www.olfus.is/static/files/Stjornsysla/Stefnur/orku-og-audlindastefna-2020.pdf>

Vanclay, F., Esteves, A. M., Aucamp, I. og Franks, D. M. (2015). *Social Impact Assessment: Guidance for assessing and managing the social impacts of projects*. (bls. 107). International Association for Impact Assessment. [https://www.iaia.org/uploads/pdf/SIA\\_Guidance\\_Document\\_IAIA.pdf](https://www.iaia.org/uploads/pdf/SIA_Guidance_Document_IAIA.pdf)

VSÓ Ráðgjöf. (2020). *Alviðra. Vindmyllur á Grjóthálsi, Borgarbyggð. Umsókn um mat á vindorkuveri A 4331*. VSÓ Ráðgjöf. [https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4331A-Alvidra-Hafthorsstadir\\_ehf..pdf](https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4331A-Alvidra-Hafthorsstadir_ehf..pdf)

VSÓ Ráðgjöf. (2022). *Alviðra 2. Nýtt verkefni. Tilhögun virkjunarkosts*. VSÓ Ráðgjöf.

Zephyr Iceland. (2020). *Tilhögun virkjunarkosts R4307A Mosfellsheiðarvirkjun I*. Zephyr Iceland.

**Viðmælendur:**

Fulltrúar meiri og minnihluta sveitarstjórna ásamt framkvæmdastjórum í sveitarfélögunum sem um er fjallað í skýrslunni.

Hagsmunaaðilar í sveitarfélögunum sem fjallað er um í skýrslunni.

# VIÐAUKI 1. VIÐTALSRAMMI OG KYNNINGARBRÉF TIL VIÐMÆLENDNA

## Viðtöl Faghóps 3 í Rammaáætlun vegna samfélagslegra áhrifa vindvirkjana

### Kynningarbréf til mögulegra viðmælenda

September 2023

Faghópur 3 í Rammaáætlun, í samstarfi við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), mun á næstu vikum taka viðtöl vegna átta vindvirkjanakosta í 5. áfanga Rammaáætlunar. Faghópnum er ætlað að meta samfélagsleg áhrif. Viðtöl eru hluti af gagnasöfnun faghópsins og eru viðmælendur sveitarstjórnarfolk, aðilar í stoðkerfi atvinnulífsins, landeigendur og aðrir eftir atvikum. Í faghópi 3 sitja Jón Ásgeir Kalmansson, formaður, Hafsteinn Birgir Einarsson, Hjalti Jóhannesson og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

Faghópurinn er að skoða eftirfarandi átta vindorkukosti:

	Vindorkukostur	Sveitarfélag	Aðili	MW ca.
1	Vindorkugarður í Garpsdal	Reykholahreppur	EM Orka ehf.	88
2	Alviðra	Borgarbyggð	Hafþórsstaðir ehf.	80
3	Sólheimar, Laxárdal	Dalabyggð	Quair	163
4	Reykjanesgarður	Grindavíkur- og Reykjanesbær	HS Orka	100
5	Mosfellsheiðarvirkjun I	Grímsnes- og Grafningshreppur	Zephyr Iceland	100
6	Mosfellsheiðarvirkjun II	Sveitarfélagið Ölfus	Zephyr Iceland	100
7	Hrútmúlavirkjun, Þjórsárdal	Skeiða- og Gnúpverjahar.	Gunnbjörn ehf.	85
8	Hnotasteinn, Hólaheiði	Norðurþing	Quair	190

Vera kann að viðkomandi virkjanakostur sé ágætlega kunnugur en til nánari glöggvunar sendum við hluta þeirra kynningargagna sem leyfishafi virkjunarréttarins hefur sent inn til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar.

Að neðan eru taldir upp samfélagslegir þættir sem okkur langar að ræða í viðtölum. Þetta eru atriði sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna orkuvinnslunnar. Listinn á sér rætur í leiðbeiningum alþjóðasamtaka um mat á umhverfisáhrifum (IAIA). Misjafnt er eftir aðstæðum hvort og þá hvaða atriði eru viðeigandi. Þrátt fyrir að reynt sé að koma inn á sem flest verður aldrei um að ræða tæmandi upptalningu á þeim samfélagslegum þáttum sem gætu orðið fyrir breytingum.

*Lítill reynsla er komin af nýtingu vindorku hérlendis. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að viðtölin muni að verulegu leyti snúast um hvort eða hversu miklar eða litlar væntingar eru til þess að vindvirkjanir geti haft áhrif á ákveðna samfélagsþætti.*

#### 1) Efnahagur og eignarhald (skammtíma- eða langtíma áhrif)

- Væntingar um fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið?
- Væntingar um fjárhagslegan ávinning/tækifæri fyrir fyrirtæki eða einstaklinga innan sveitarfélags eða atvinnusvæðis?
- Hvernig er eignarhaldi háttáð á landi þar sem viðkomandi virkjun er áformuð?
- Eru mögulegir árekstrar við aðra hagsmuni eða starfsemi og þá hvaða?

## 2) Íbúabróun

- a) eru væntingar um breytingar á mannfjölda á framkvæmdatíma eða rekstrartíma virkjunarinnar? Ef já, hver eru líkleg áhrif þess á sveitarfélagið eða atvinnusvæðið?

## 3) Þjónusta og innviðir

- a) Áhrif á þjónustu sveitarfélaga og ríkisins?
- b) Áhrif á þjónustu einkaaðila; verslun o.fl.?
- c) Áhrif á aðra innviði s.s. vegi, fjarskipti o.fl.?

## 4) Samheldni, stöðugleiki

- a) Hafa umræður átt sér stað meðal sveitarstjórnarfólks og íbúa (fastra íbúa og skammtíma-, t.d. sumarbústaðagesta) um fyrirhugaðar framkvæmdir/áætlanir? [ef einhver þekkir til þeirra]. Gera grein fyrir mismunandi skoðunum sem hafa heyrst í umræðunni.
- b) Er samkeppni/togstreita innan svæðis eða milli svæða sem tengist virkjunum eða orkumálum og gæti virkjunin haft áhrif á þetta?

## 5) Samráð og upplýsingar

- a) Hvernig hefur samráð og/eða upplýsingagjöf frá framkvæmdaaðilum til sveitarfélags, landeigenda, nágranna og íbúa almennt verið?
- b) Hverjar eru væntingar heimamanna til þátttöku í ákvörðunum um framkvæmdina og um mögulega ráðstöfun ábata vegna hennar?

## 6) Ótti og vonir

- a) Raforkuöryggi í sveitarfélaginu/landshlutanum; getur það breyst og þá hvernig?
- b) Hefur virkjun áhrif á væntingar til framtíðartækifæra svæðisins?
- c) Getur virkjun haft áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu? Hver?

## 7) Lífsstíll og menning

- a) Má búast við fónarkostnaði eða skerðingu á lífsgæðum? Ef já, fyrir hverja?
- b) Má búast við áhrifum framkvæmdar á hefðbundin störf og frístundir?

## 8) Umhverfið og gæði þess

- a) Almenn viðhorf til vindmylla í umhverfinu
- b) Hver eru líkleg áhrif á umhverfið, á landslag og sjónrænt gildi lands, náttúrufegurð, og svo framvegis? eru þessi áhrif líkleg til að skipta íbúa verulegu máli?
- c) Viðhorf til stærðar og staðsetningar áformaðs verkefnis gagnvart byggð og annarri landnotkun. Hvernig fer þetta saman?

Við gerum ráð fyrir að viðtalið/fundurinn verði haldinn á Teams eða Zoom og verður faghópur 3 eða hluti hans viðstaddur ásamt starfsmanni RHA. Áætlað er að fundurinn taki ekki lengri tíma en eina klukkustund. Við óskum eftir að fá leyfi til að hljóðrita fundinn til að auðvelda úrvinnslu en munum ekki vitna beint til orða einstakra aðila nema við fáum sérstakt leyfi til þess hjá viðkomandi.

Ef frekari spurningar vakna þá er sjálfsagt að hafa samband við Mörtu Einarsdóttur ([martaainars@unak.is](mailto:martaainars@unak.is)), s. 460-8902 eða Hjalta Jóhannesson ([hjalti@unak.is](mailto:hjalti@unak.is)) s. 460-8903.

Fyrir hönd skipuleggjenda,

Marta Einarsdóttir, sérfræðingur